

M A T S G E R Ð

á arðskrá fyrir

Veiðifélag Víðidalsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006
um lax- og silungsveiði:
Ásgeir Magnússon, héraðsdómari
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi
Örlygur Hnefill Jónsson, héraðsdómslögmaður

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 5. mars 2007, fór stjórn Veiðifélags Víðidalsár fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Eftirtaldir eigendur eða umráðamenn jarða á félagssvæðinu höfðu með bréfi krafist þessa mats, sbr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006: Andri Teitsson vegna Galtaness, Grafar II og Fremri-Fitja, Júlíus Guðni Antonsson vegna Þorkelshóls II og Auðunnarstaða, Gunnar Þorgeirsson vegna Efri-Fitja og Neðri-Fitja, Örn Óli Andrússon vegna Bakka, Jóhannes Eggertsson vegna Þorkelshóls, Axel Rúnar Guðmundsson vegna Ytri-Valdaráss, Karl Friðriksson vegna Hrísa og Ingvar Ragnarsson vegna Syðra-Kolugils.

Með tilliti til ofanritaðs, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar. Matsnefnd sendi bréf til Veiðifélags Víðidalsár, dags. 10. maí 2007, þar sem óskað var eftir helstu gögnum varðandi vatnasvæðið. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

2. Vettvangsganga o.fl.

Miðvikudaginn 17. október 2007 fóru matsmenn í vettvangsferð með Víðidalsá. Formaður veiðifélagsins, Björn Magnússon, bóndi á Hólabaki, fór með matsmönnum og sýndi þeim veiðisvæðið. Einnig var Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður félagsins, með í för þegar farið var með Fitjaá. Nokkrir landeigendur óskuðu eftir að hitta matsmenn. Að lokinni vettvangsgöngu áttu matsmenn fund með eftirtöldum landeigendum og umráðamönnum jarða: Skúla Sigurbjartssyni, Sigríði Hjaltadóttur, Andra Teitssyni og Júlíusi Guðna Þorkelssyni.

Víðidalsá er dragá með upptakakvísar á Arnarvatnsheiði og Víðidalstunguheiði. Vatnasviðið við Kolugil er 377 km² og liggur að vatnasviði Vatnsdalsár að austan og vatnasviði Fitjaár að vestan. Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands er meðalrennsli síðustu fjögurra ára Víðidalsár í Kolugljúfri 7,44 m³/s. Fitjaá rennur í Víðidalsá neðan við Víðidalstungu. Ekki liggur fyrir hve stórt vatnasvið Fitjaár er en samkvæmt gömlum mælingum er sumarrennsli Fitjaár talið 1,2 m³/s. Þá er vatnasvið við útfall í Bjargaósi talið 1.130 km², samkvæmt korti Orkustofnunar frá 1974. Víðidalsá er laxgeng fram í Kolugljúfur, um 28 km leið frá Hópi. Á tímabili var laxagildra höfð neðst í Kolugljúfrum og lax fluttur fram fyrir Kolufoss. Var það bæði gert til að auka hrygningarsvæðið og gefa mönnum kost á að veiða lax á þessu efra svæði. Á svæðið fyrir ofan Kolufoss er sleppt seiðum, en það svæði kemur ekki til mats þar sem það er utan félagssvæðis Veiðifélags Víðidalsár.

Fitjaá er nú orðin laxgeng að Bjarnafossi, sem er um 20 km ofan við ármótin. Fyrrum var Kerafoss, sem er skammt ofan við ármótin, veruleg gönguhindrun fyrir lax. Fossinn var gerður laxgengur með stiga sem hefur verið endurbættur í áranna rás, nú síðast fyrir veiðitímabilið 2007. Fitjaá er vatnsminni en Víðidalsá og eru þar víða lítilsháttar gljúfur. Ágætlega greiðfært er með veiðisvæðinu, enda liggur vegur með ánni fram á efstu bæi í

Fitjárdal. Ofan við efstu bæi hefur vegslóð verið gerð, en sums staðar þarf að ganga nokkurn spöl niður að ánni.

Neðan við ármótin er Víðidalsá lygn og breiðir víða úr sér. veiðifélagið á veiðihúsið Tjarnarbrekku, sem stendur í landi Lækjamóts. Húsið er fyrir þá veiðimenn sem stunda veiðar á laxasvæði árinna.

Víðidalsá rennur í Hópið sunnanvert. Neðsti hluti árinna er silungasvæði og um árabíl seldi veiðifélagið veiðileyfi þar beint til veiðimanna. Síðan áin fór síðast í útboð hafa sömu leigutakar verið með allt veiðisvæðið ofan við Hóp. Við silungasvæðið er hjólhýsi og geta veiðimenn hafst þar við ef þeir vilja. Hópið er eitt stærsta stöðuvatn landsins, talið um 30 km² að flatarmáli. Affall úr Hópinu rennur um Bjargaós í Húnaflóa. Hópið er leigt út til stangveiða með sérstökum samningi. Einnig er landeigendum við Hópið heimilað að vera með eitt net hluta sumars.

Austarlega í Hópið sunnanvert fellur Gljúfurá. Neðsti hluti árinna, neðan við foss í Gestalaut, er innan félagssvæðis Veiðifélags Víðidalsár. Fossinn í Gestalaut er laxgengur og gerður hefur verið laxastigi ofar í ánni. Sérstakt veiðifélag er um Gljúfurá og er hún leigð út í heilu lagi. Hluti af arði hennar rennur til Veiðifélags Víðidalsár samkvæmt sérstökum samningi milli veiðifélaganna. Við Gljúfurá er nýlegt veiðihús sem er sameign Veiðifélags Gljúfurár og Veiðifélags Víðidalsár.

Eftir að sjónarmið veiðiréttareigenda og andsvör höfðu borist matsnefnd fóru nefndarmenn aftur á vettvang til frekari skoðunar á þeim stöðum þar sem ágreiningur var uppi eða talin var ástæða til að skoða betur. Að beiðni matsnefndar var Ragnar Gunnlaugsson frá Bakka með í þeirri för, en Ragnar var formaður veiðifélagsins um 12 ára skeið og veiðivörður við ána á síðustu árum. Í framhaldi af því átti nefndin símafund með Jóhanni Hafnfjörð sem hefur verið leiðsögumaður við ána í um 20 ár.

3. Matsfundur

Að ósk matsnefndar, í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga um lax- og silungasvæði, boðaði stjórn Veiðifélags Víðidalsár veiðiréttareigendur á félagssvæðinu til fundar með nefndinni 17. október 2007. Var fundurinn haldinn í félagsheimilinu Víðihlíð.

Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Spurt var hvort gerðar væru athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er þ.e. nýtt mat á arðskrá Veiðifélags Víðidalsár. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Ekki kom fram ágreiningur um landamerki, en rætt var um fyrirliggjandi bakkalengdarmælingu frá árinu 1992 og komu fram ábendingar um hvort ekki væri rétt að mæla bakkalengd að nýju með nýrri tækni. Síðar tók stjórnin ákvörðun um að láta framkvæma nýjar bakkalengdarmælingar og bástu

matsnefnd niðurstöður mælinga á Víðidalsá og Fitjaá í byrjun mars 2009 og fyrir Hópið og Bjargaós í ágúst 2009. Mælingar þessar voru unnar af Kristjáni Eymundssyni, starfsmanni hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda. Á fundinum bentu nefndarmenn á að landeigendum gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Einnig var þeim boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn. Þá var einnig upplýst hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndarinnar.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Víðidalsár. Félagið starfar samkvæmt samþykktum nr. 1352/2007, sem staðfestar voru af Landbúnaðarstofnun 3. desember 2007 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 22. janúar 2008.

Í 3. gr. samþykktanna kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eigi að Bjargaósi, Miðhópsvötnum ásamt Gljúfurá fram að fossi í Gestalaut, Víðidalsá fram að Kolufossi og Fitjaá fram að Bjarnafossi. Þær jarðir sem um ræðir eru tilgreindar í 5. kafla hér á eftir.

Samkvæmt 4. gr. samþykktanna er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Heimilt skuli þó veiðieigendum við Hóp að leggja silunganet frá landi á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí og 1. ágúst til 15. september ár hvert. Aldrei skuli þó netalengd fara fram úr 30 metrum hjá hverjum landráðanda. Jafnframt beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gildandi fiskræktunaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð. Gildandi arðskrá er samkvæmt yfirmati frá 1995.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna félagsmenn: Þingeyrar, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Hagi, Norðurhagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Laufás, Árnes, Sólbakki, Nípukot, Þorkelshóll, Þorkelshóll II, Lækjamót, Þórukot, Stóra-Ásgeirsá, Litla-Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Kolugil, Syðra-Kolugil, Bakki, Víðidalstunga, Víðidalstunga II, Ytri-Valdarás, Syðri-Valdarás, Kambshóll, Efri-Fitjar, Neðri-Fitjar, Fremri-Fitjar, Ásland, Stóra-Hvarf, Hrisar, Auðunnarstaðir, Auðunnarstaðir II, Brautarland, Galtanes, Síða, Litla-Borg, Syðri-Stóra-Borg, Ytri-Stóra-Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

6. Rekstur veiðivatna

Með leigusamningi, dags. 3. maí 2005, var veiði í Víðidalsá leigð H & S Ísland ehf., Kópavogi, fyrir tímabilið 2006, 2007 og 2008, þ.e. í 3 ár að lágmarki. Að hámarki gildir samningurinn í 5 ár, en rennur þá út án uppsagnar. Umsamið árlegt grunnleigugjald er 52.180.000 krónur miðað við gengi hinn 2. apríl 2005. Samningurinn er gengistryggður að 30 hundraðshlutum, en bundinn vísitölu neysluverðs að 70 hundraðshlutum. Veiðihúsið Tjarnarbrekka ásamt aðgerðarhúsi fylgir með í þessum samningi og sér leigutaki um rekstur þess allt árið og kostar eðlilegt viðhald. Einnig fylgir með hjólhýsi, sem staðsett er við silungsvæðisvæðið.

Í samningnum kemur fram að heimilt sé að veiða með 8 stöngum daglega á laxveiðisvæði í Víðidalsá og Fitjaá og að jafnaði sé veitt á 6 stangir í Víðidalsá og 2 stangir í Fitjaá. Veiðitími á laxveiðisvæðinu sé 3 mánuðir ár hvert, frá 18. júní til og með 18. september. Frá og með 15. júlí ár hvert sé einungis heimil fluguveiði á laxasvæði Víðidalsár. Frá Hamarshyl og á silungasvæðinu þar fyrir neðan sé veitt á 2 stangir á dag. Veiðitími á því svæði sé frá 15. júní til og með 10. október ár hvert.

Samkvæmt ársreikningi veiðifélagsins fyrir árið 2006 námu rekstrartekjur 34.488.114 krónum árið 2005. Þá voru rekstrargjöld 6.880.195 krónur og greiddur arður það ár 26.000.000 króna. Árið 2006 voru rekstrartekjur 57.687.739 krónur, rekstrargjöld 8.903.883 krónur og greiddur arður 40.000.000 króna. Árið 2007 voru rekstrartekjur 58.909.488 krónur, rekstrargjöld 14.822.983 krónur og greiddur arður 40.000.000 króna. Árið 2008 voru rekstrartekjur 62.416.740 krónur, rekstrargjöld 12.572.447 krónur og greiddur arður 42.000.000 króna.

7. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var eigendum veiðiréttar í Veiðifélagi Víðidalsár með bréfum, dags. 20. október 2007, og aftur með bréfum, dags. 10. ágúst 2008, gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni fjölmörg bréf frá eigendum ásamt ítarlegum gögnum. Hér á eftir verður vikið að þessum sjónarmiðum.

7.1 Þingeyrar

Talsmaður landeiganda setur í greinargerð sinni fram þá kröfu að hlutur jarðarinnar í arðskrármati Víðidalsár verði aukinn verulega frá gildandi arðskrá. Er þar rakið að allt frá því að reglur um arðsúthlutun hafi verið settar á árinu 1959 hafi einingafjöldi jarðarinnar fallið úr 300 af 1.000 í 235 einingar á árinu 1973, 165 einingar á árinu 1984 og loks 135 einingar í nýjasta matinu frá árinu 1995. Hafi einingafjöldinn í síðastgreinda matinu því aðeins verið 45% af því sem hann hafi verið árið 1959. Þá hafi einingafjöldinn verið enn meiri við stofnun veiðifélagsins á árinu 1934, eða 450 einingar. Sé með ólíkindum hvernig farið hafi verið með veiðiréttindi hinnar fornu hlunnindajarðar Þingeyra og sé vart hægt að kalla það annað en eignaupptöku. Hljóti matsmenn að þurfa í störfum sínum að huga

að ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar í þessu tilliti. Af athugasemdum við 2. mgr. 41. gr. frumvarps til laganna um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 verði dregin sú ályktun að vilji löggjafans hafi staðið til þess að byggja arðskrárgerð á sömu sjónarmiðum og fyrirmælum er áður hafi gilt samkvæmt lögum nr. 76/1970. Þau atriði sem líta skuli til við úthlutun arðs hafi verið óbreytt frá því lög nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði hafi verið sett.

Fyrir liggja að hlunnindi Þingeyrajarðarinnar séu nær einvörðungu netaveiðihlunnindi sem nýtt hafi verið áður fyrr, einkum í svonefndum Bjargaósi. Sú nýting hafi ekki farið fram nú um áratuga skeið, m.a. samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins, til að spilla ekki stangveiði ofar í ánni. Við blasi að það sé forsenda verðmætis stangveiðileyfa í ánni að net hefti ekki frjálsa för laxfiska um hana. Þetta fyrirkomulag minnki veiðialag á laxfiskstofna árinna sem styrki viðkomu þeirra og þar af leiðandi verðgildi samninga um leigu árinna. Samkvæmt skýrum fyrirmælum 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 sé það svo að við arðskrármat beri að líta til „aðstöðu til netaveiði og stangveiði“. Það sé aðstaðan ein sem skipti máli en ekki hvort hún sé nýtt. Óhætt sé að fullyrða að engin breyting hafi orðið á aðstöðu til netaveiða í ánni frá Þingeyrum svo áratugum skipti. Standi því rök til þess að hækka arðskrárhlotfall jarðarinnar, í takt við það sem það hafi verið fyrr á tíð. Að minnsta kosti sé fráleitt að lækka það hlutfall.

Ljóst sé að framlag Þingeyra til arðsmyndunar í ánni sé verulegt með því að þaðan séu ekki lögð net. Þannig sé verðið sem fáið fyrir útleigu á stangveiði árinna miklu hærra fyrir þá sök. Af því leiði að snar hluti þess verðs sem fáið fyrir útleigu stangveiðiréttinda sé í reynd greiðsla til Þingeyra fyrir að veiða ekki í net, m.a. í Bjargaósi, þann lax sem jörðin myndi ella veiða þar ef hún nýtti þessi hlunnindi. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um áhrif netaupptöku á stangveiði í Hvítá í Borgarfirði og þverám hennar, frá árinu 2001, komi meðal annars fram í niðurstöðukafla að ljóst virðist vera „að aukning í laxgengd og veiði á vatnasvæði Hvítár hafi orðið talsverð við það að stærstur hluti neta var leigður af veiðiréttarhöfum í hliðaránum, sem eingöngu stunda stangveiði“. Þá segi og að ef miðað sé við „að netaveiði hefði haldist hlutfallsleg af heildargöngunni, hefði áfram verið veitt í net, þá reiknast til að um 43,0 til 60,8% af því sem annars hefði veiðst í net sé nú veitt á stöng“. Þá sé og vísað til meðfylgjandi samninga sem gerðir hafi verið um upptöku eða leigu á netaveiði í Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá. Megi af þeim ráða hvílik verðmæti séu fólgin í slíku. Þannig hafi tekjur Veiðifélags Hvítár af slíkum samningum á árinu 2006 numið 16.818.025 krónum. Á árunum 1981-1990, meðan netaveiði hafi enn verið stunduð fullum fetum í Hvítá, hafi meðalveiði í net á ári verið 5.049 laxar, sbr. bls. 8 í nefndri skýrslu. Þá sjáist af samningi Selfossbænda við Stangveiðifélag Reykjavíkur frá 12. október 2006 að bændum séu greiddar árlega 5.800.000 krónur fyrir netaupptöku í Ölfusá. Hafi meðalnetaveiði í Ölfusá fyrir landi Selfossjarða árin 1997-2006 verið 814 laxar. Af þeim tölum sem þar komi fram megi áætla verðmæti lax sem hefði ella verið veiddur í net. Ljóst sé af framanröktum upplýsingum að aflögn netaveiða sé til verulegrar verðmætisaukningar á stangveiði í Víðidalsá og seldum leyfum vegna hennar. Fráleitt sé að ætla annað en að Þingeyra, sem netahlunnindajörð, eigi að njóta stórs hluta af þeim ávinningi.

Við úthlutun arðs af veiði verði jafnframt að líta til hinnar fornu meginreglu lax- og silungsveiðilöggjafar um að hver maður megi veiða fyrir sínu eignarlandi, sbr. nú 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006. Þó svo að sú regla hafi ekki gildi í framkvæmd, þar sem lögakveðin skylduaðild sé að veiðifélögum, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga, og veiðiréttar-eigendum sé almennt óheimilt að veiða í veiðivatninu eftir stofnun slíks félags, sbr. 3. mgr. 37. gr., hafi reglan allt að einu þýðingu við útdeilingu arðs. Fyrir liggir að ef farið væri eftir henni í framkvæmd hefði það þær afleiðingar að skipulagsleysi ríkti og einstakir veiðibændur kynnu að koma ár sinni vel fyrir borð á kostnað heildarinnar. Ljóst sé til að mynda að ef netaveiði færi fram af fullum þunga frá Þingeyrum í Bjargaósi hefði það veruleg áhrif á veiði annars staðar í ánni. Framlag Þingeyrar til verðmætis hennar sé einmitt að veiða ekki í net frá jörðinni.

Að því er varði Hópið sé á það bent að það leggi vatnasvæðinu öllu til mjög mikilsverð skilyrði uppeldis og vaxtar þar sem áta sé þar mikil, svo sem hornsíli, smákuðungar og mý. Slík líffræðileg skilyrði séu undirstöðuatriði í allri fiskirækt. Sterkar líkur bendi til þess, að álit fiskifræðinga, að þetta mikla lífríki í Hópinu sé einn stærsti þátturinn í að jafna út árferðissveiflur í fiskgengd innan vatnasvæðisins, en fyrir liggir að slíkar sveiflur séu miklu minni í Víðidalsá en öðrum sambærilegum laxveiðiám. Sé þetta áréttað þar sem mælt sé fyrir um það í c-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 að við úthlutun arðs skuli auk annars taka tillit til „hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks“.

7.2 Jarðir við Hóp: Þingeyrar, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Norðurhagi, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf og Refsteinsstaðir

Eigendur þessara jarða skila sameiginlegri greinargerð vegna arðskrármatsins og krefjast þess að hlutur þeirra verði bættur miðað við núgildandi arðskrá. Vísa þeir til þess að Hópið sé eitt af stærstu stöðuvötnum landsins, um 30 ferkílómetrar að stærð. Sé þar mjög misdjúpt og botngerð breytileg. Hópið gegni mikilvægu hlutverki fyrir vatnasvæði Víðidalsár þar sem áta sé þar mikil, s.s. hornsíli, smákuðungar og mý. Bendi sterkar líkur til þess, að mati fiskifræðinga, að þetta mikla lífríki í Hópinu sé einn stærsti þátturinn í að jafna út árferðissveiflur í fiskgengd innan vatnasvæðisins, enda séu þær miklu minni í Víðidalsá en í öðrum sambærilegum laxveiðiám. Þá sé það einnig álit fiskifræðinga að stöðuvatn með nægu dýpi og æti neðan laxveiðiár gegni mikilvægu hlutverki innan búsvæðisins þannig að lax, eftir hrygningu, lifi þar veturinn áður en hann gangi aftur til sjávar. Gangi hann síðan aftur upp í ána. Sé þetta meginástæða þess að stórlax veiðist í meira mæli í Víðidalsá en mörgum öðrum laxveiðiám. Tilraunaveiðar undir ís hafi sannað að mikið sé af silungi í Hópinu. Sé hvað þetta varði vísað til rannsókna Tuma Tómassonar fiskifræðings varðandi búsvæði silungs í Fitjaá og Víðidalsá og þýðingu Hópsins í því sambandi. Einnig sé í því efni lögð áhersla á þýðingu silungsveiða fyrir verðmæti vatnasvæðisins. Taka beri tillit til hinna mikilverðu skilyrða til uppeldis fiska og vaxtar í Hópinu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 41. gr. lax- og silungsveiðilaga. Þá sé og gerð sú krafa að fullt tillit verði tekið til vatnsmagns og stærðar vatnsbotns Hópsins auk landlengdarinnar, í samræmi við b-lið tilvitnaðs ákvæðis. Varðandi a-lið ákvæðisins sé á það bent að svo hagi til við Hópið að frá fornu fari hafi þar verið góð aðstaða til netaveiði. Stangveiði sé þar hins vegar óhæg auk þess sem engu hafi verið kostað af hálfu

veiðifélagsins til að bæta þar aðstöðu til stangveiða. Á þeim tíma sem netaveiði hafi verið stunduð hafi hún skilað landeigendum verulegum arði en í kjölfar þess að veiðifélagið hafi sett þar hömlur á netaveiðina hafi orðið óeðlileg þróun í þá átt að færa arðinn þangað sem fiskurinn sé dreginn á land. Megi í því sambandi benda á þá miklu aukningu sem orðið hafi á úthlutuðum einingum við Fitjaá.

Til stuðnings kröfu sinni vísi eigendurnir og til þess að við uppræktun og stækkun vatnasvæðis veiðifélagsins, með byggingu laxastiga og gerð veiðistaða, hafi heildarverðmæti þess aukist verulega. Framkvæmdir þessar hafi verið fjármagnaðar sameiginlega af öllum aðilum veiðifélagsins og hljóti því einingar sem flytjast til jarða vegna þessarar stækkunar að koma sem jafnast frá öllum jörðum á félagssvæðinu en ekki einungis frá jörðum við Hópið. Þá hafi veiðimenn í Hópinu engan aðgang að veiðihúsi félagsins eða þjónustu þar, sem geri útleigu á stangveiði þar verðminni vegna aðstöðuleysis veiðimanna. Veiðihúsið sé þó í sameign allra aðila veiðifélagsins og hafi verið kostað af þeim öllum. Loks sé á það bent að á árunum 1987 til 1989 hafi verið leyfð veiði undir ís í Hópinu þar sem öllum félagsmönnum veiðifélagsins hafi verið gefinn kostur á að kaupa veiðileyfi. Hafi veiðarnar farið fram undir stjórn Tuma Tómassonar fiskifræðings og hafi veiðin verið verulega mikil. Hins vegar hafi verið samþykkt tillaga þess efnis á félagsfundum á árinu 1990 að vetrarveiðum í Hópinu skyldi hætt með vísan til þess að þær dragju úr silungsgengd í Víðidalsá.

7.3 Jarðir við Gljúfurá og Hóp: Miðhóp og Hólabak

Eigendurnir vísa til þess að Gljúfurá, neðan Gestalautar, hafi verið innan marka vatnasvæðis Veiðifélags Víðidalsár frá stofnun félagsins. Lengi vel hafi ræktunarstarfi á þessu veiðisvæði ekkert verið sinnt og hafi því verið gengið á laxastofn árinna. Hafi þetta leitt af sér að veiði minnkaði þar verulega og arðskrárhluftall jarðanna því farið stórlega lækkandi. Frá hæsta arðskrármati Hólabaks, á árinu 1935, hafi Hólabak lækkað um 46,6% og Miðhóp um 29% frá hæsta arðskrármati Miðhóps árið 1953. Hin síðari ár hafi markvisst og skipulagt ræktunar- og uppbyggingarstarf verið hafið í Gljúfurá og hafi það skilað sér í aukinni veiði og þar af leiðandi í auknum tekjum í sameiginlegan rekstur Veiðifélags Víðidalsár. Þar sem ræktunarstarfið hafi borið þann árangur sem raun beri vitni telji þeir að sú lækkun sem orðið hafi á arðskrár jarðanna tveggja eigi að ganga til baka og ríflega það. Sé í þessu sambandi einnig vakin athygli á því að landeigendur við Gljúfurá hafi frá stofnun Veiðifélags Víðidalsár tekið þátt í uppbyggingu á vatnasvæðinu með sama hætti og aðrir landeigendur.

7.4 Gottorp

Eigendur krefjast þess að hlutur jarðarinnar í arðskrá veiðifélagsins verði aukinn verulega. Hlutur jarðarinnar í arðskrá veiðifélagsins hafi sætt svo mikilli lækkun á síðustu áratugum að líkja megi við eignaupptöku er varði við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Meginatriði við gerð arðskrár hljóti að vera að jafna út arðinum af veiði til veiðiréttareigenda í sama hlutfalli og þeir myndu fá ef þeir nýttu hver um sig veiðihlunnindi fyrir landi sínu á þann hátt sem lög leyfi. Við stofnun veiðifélags hafi veiðiréttareigendur skuldbundið sig til að hlíta ákvörðunum félagsins og leggja meðal annars af veiðiskap sem þeir hafi stundað gegn því

að fá sanngjarnan hlut af innkomnum arði vegna sölu veiðileyfa. Frumskilyrði sé að horft sé til þess hve mikilvægar þær jarðir séu sem land eigi að Hópi og ósum ána því þar fari um allur fiskur sem í ánni veiðist. Í Hópinu, sérstaklega vestan megin, hátti svo til að netaveiðiskilyrði frá landi séu yfirleitt afar góð. Sérstaklega eigi það þó við í landi Gottorps, sem liggja nálægt ósum Víðidalsár, og gangi mestallur fiskur sem í ána fari með ströndum jarðarinnar. Þessi hlunnindi nýtist nú auðvitað að mjög takmörkuðu leyti. Það hafi aftur leitt til þess að mjög óeðlilegrar tilhneigingar hafi gætt í þá átt að færa arð þangað sem fiskurinn veiðist, og þá upp með ánni. Sé því þá alfarið gleymt að þessi hlunnindi séu eingöngu færð til, fiskurinn sé nú veiddur þar sem hentugast þyki að stunda stangveiði. Þá sé ljóst að ósar Víðidalsár séu metnir mun lægra en Bjargaós. Bjargaós sé metinn á 106 einingar í gildandi arðskrá. Hins vegar verði ekki séð hversu hátt ós árinna sé metinn í arðskránni en miðað við hlut Gottorps geti það ekki verið mikið því einingar jarðarinnar í Víðidalsá séu einungis 0,5. Þess sé því krafist að hlutur Víðidalsáróss verði aukinn upp í það sem honum beri með tilliti til mikilvægis síns í vatnasvæðinu.

Eigendurnir telji nauðsynlegt að við gerð arðskrár verði í meira mæli en áður horft til vatnsmagns og vatnsbotns í samræmi við ákv. 2. ml. b-liðar 41. gr. lax- og silungsveiðilaga. Auk þess að taka tillit til bakkalengdar beri að horfa til þess lífsrýmis fyrir fiskinn sem felist í vatnsmagninu. Hópið eigi að njóta þess að fôstra fiskinn og skila laxi og silungi upp í ána. Því meira sem vatnsmagnið sé, og því stærri sem vatnsbotninn sé, þeim mun meira lífsrými hafi allur fiskur á vatnasvæðinu. Verði lífsskilyrði hans þeim mun hagstæðari og uppeldisskilyrði alla jafna betri. Beri því að auka einingafjölda jarða við Hópið og við ósa Víðidalsár.

Að endingu sé vísað til þess að í ljós hafi komið með auknum rannsóknum á ferðum bleikjunnar á vatnasvæði Víðidalsár og Hóps að hún dveljist að miklu leyti í Hópinu, eða þar og að hluta til í sjó, allt þar til hún fari í Víðidalsána til hrygningar. Bleikjan ferðist mikið um í Hópinu og nýti sér þar æti, en hluti stofnsins fari einnig í sjó á tímabilum. Einnig sé talið að hluti bleikjustofnsins fari aldrei í sjó heldur dvelji í vatninu allt þar til hún fari til hrygningar. Laxinn ferðist einnig í gegnum Hópið á ferð sinni að ósum Víðidalsár, en fái þar rými og frið, bæði fyrir sel, stangveiði og netaveiði. Af þessu megi ljóst vera hversu mikilvægt Hópið sé sem uppeldis- og vaxtarstöð fyrir allan silung sem veiðist í Víðidalsá.

7.5 Refsteinsstaðir

Eigandi vísar í upphafi bréfs síns til þess að Refsteinsstaðir séu ekki merktir inn á veiðikort veiðifélagsins og einnig sé Lambhólmi, sem tilheyri jörðinni, merktur þar ranglega sem Borgarey. Borgarey sé hins vegar langa eyjan sem liggja vestan við Lambhólmann og tilheyri hún Stóru-Borg. Þá sé Grjóthólmi sýndur á kortinu en ekki merktur með heiti og tilheyri hann Stóru-Borg. Sé hvað þetta varði vísað til meðfylgjandi uppdráttar af neðsta hluta Víðidalsár, sem unninn hafi verið út frá loftmynd Landmælinga Íslands frá árinu 1984, en inn á hann hafi verið skrifuð heiti nokkurra staða við neðsta hluta Víðidalsár. Vakin sé athygli á því að allur fiskur Víðidalsár gangi um þetta svæði. Þá sé aðkoman að silungasvæðinu í gegnum Refsteinsstaðaland. Veiðifélagið hafi ákveðið fyrir

nokkrum árum að færa silungasvæði árinna af Dælis- og Víðidalstungueyrum neðar í ána, fyrir land Refsteinsstaða austan ár og að vestan fyrir land Stóru-Borgar og Gottorps, án samráðs við eigendur. Silungsveiðin hafi alltaf verið vanmetin til arðs þótt hún sé ánni mjög mikils virði. Þannig hafi verið við það miðað í tilboði sem samþykkt hafi verið í veiðirétt árinna fyrir árin 2006 til 2008 að hlutur silungasvæðisins næmi árlega 4.090.000 krónum, að viðbætti verðtryggingu. Upplýsingar um veiði á silungasvæðinu hafi og verið mjög takmarkaðar enda sé ekkert eftirlit þar með skráningunni.

Einnig sé á það bent að Hópið sé ekki arðmetið sem skyldi. Telji sumir fiskifræðingar að hrygningarbleikjan úr Víðidalsá fari út í dýpið í Hópinu og dvelji þar yfir veturinn en fari ekki í sjó nema tvo til þrjá mánuði snemma vors. Þessu til stuðnings megi geta þess að netalögn niður um lagnaðarís hafi verið leyfð í Hópinu í þrjá vetur og hafi þá veiðst á bilinu 12.000 til 18.000 fiskar. Á sama tímabili hafi netaveiði að vori og hausti snarminnkað og einnig hafi Víðidalsá verið nánast silungslaus næstu sumur á eftir. Eftir að hætt hafi verið netalögn í Hópinu hafi silungsveiði á stöng aukist í Víðidalsá, Gljúfurá og í Hópinu.

Þá skírskotar eigandinn til þess að unnið hafi verið við ýmsar framkvæmdir á vatnasvæði Víðidalsár og Fitjaár sem aukið hafi verðmæti ána og hækkað leigugjald. Þannig hafi veiðifélagið kostað byggingu og lagfæringu á laxastiga í Fitjaá, lagningu akvegjar frá Fremri-Fitjum fram að Bjarnafossi, um 10 km leið, lagfæringu á veiðistöðum í Víðidalsá og efri hluta Fitjaár. Kveðst eigandinn telja eðlilegt að þeir landeigendur sem hafi kostað þessar framkvæmdir fái hlut í þeirri aukningu arðs sem orðið hafi við þessar framkvæmdir.

7.6 Refsteinsstaðir I, Laufás og Árnes

Eigandi kveðst í fyrsta lagi vilja taka fram, í tilefni af athugasemd um aðild að Dalsárósi, að augljóst sé að einungis Árnes eigi land að veiðistaðnum Dalsárósi að austanverðu. Sá veiðistaður nái frá Dalsánni og um 300 m norður frá henni, en Dalsáin sé landamerki á milli Árness og Sólbakka. Veiðistaðurinn Dalsárós sé því rétt skráður í veiðistaðaskránni með 50% aðild Árness á móti 50% aðild Litlu-Borgar að vestanverðu.

Þá sé í öðru lagi, vegna Refsteinsstaða I, gerður fyrirvari um vanskráða laxa á silungasvæði, enda alkunnugt að veiðimenn skrái helst ekki veiddan lax á silungasvæðum. Einnig sé gerður fyrirvari um vanskráða silunga á silungasvæðum og í því sambandi vakin athygli á aðstöðuleysi til slíkra skráninga fram til ársins 2005. Sé á það bent að við útboð á stangveiðinni í Víðidalsá og Fitjaá á árinu 2005 hafi 4.090.000 krónur, eða 8,5%, verið fyrir silungasvæðið í því tilboði sem hafi verið tekið en í næsthæsta tilboðinu hafi hlutur silungasvæðisins numið 8,33%. Refsteinsstaðir I og II eigi saman í jöfnum hlutum a.m.k. 50% aðild að tveggja stanga silungasvæði Víðidalsár og eigi því hlutdeild þessara jarða vegna silungasvæðisins að nema a.m.k. 42,5 einingum í arðskrá. Sé í þessu sambandi vakin athygli á því að veiðimenn á silungasvæðinu hafi engan aðgang að veiðihúsi félagsins eða þjónustu þar, sem geri útleigu silungastanganna verðminni vegna aðstöðu-

leysis veiðimanna. Veiðihúsið sé þó sameign allra aðila veiðifélagsins og hafi verið kostað af þeim öllum.

Loks sé gerð sú krafa vegna framangreindra þriggja jarða að tekið verði að fullu tillit til vatnsmagns Víðidalsár fyrir þessum jörðum, hlutfallslega á móti vatnsmagni árinna ofan Ármóta og vatnsmagni Fitjaár, og til vatnsbotnsins, sbr. b-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006. Þá verði og tekið tillit til þess að laxastigi við Kerið og framkvæmdir til að auðvelda laxagöngur upp Fitjaá hafi verið kostaðar sameiginlega af öllum aðilum veiðifélagsins, en jarðir að Fitjaá sitji einar að veiðinni.

Talsmaðurinn sendi viðbótargreiningargerð, dags. 2. september 2008, og kveðst þar mót-mæla með öllu kröfu eigenda Þorkelshóls og Sólbakka um að helmingur veiði í Dalsárósi heyri undir þær jarðir. Ítrekaði hann fyrri sjónarmið þar um og kvað veiðistaðinn rétt færðan á veiðikort veiðifélagsins sem Dalsárós nr. 11.

7.7 Stóra-Borg

Einn veiðiréttareigenda Stóru-Borgar vísar til þess að þrátt fyrir að óheimilt sé að leggja silunganet á ósasvæði Víðidalsár hljóti að verða að úthluta arði til Stóru-Borgar vegna þessa. Þá verði og að taka tillit til þess að eigendur Stóru-Borgar hafi ekki sama rétt til silungsveiði í Hópinu og aðrir landeigendur þar. Einnig vilji hann minna á að áður en veiðifélagið hafi verið stofnað hafi verið stunduð sameiginleg netaveiði í norðanverðri Víðidalsá og oft með góðum árangri, enda aðstaðan til slíkra veiða góð.

7.8 Galtanes, Syðri-Ásgeirsá, Auðunnarstaðir II, Lækjarmót, Þorkelshóll, Auðunnarstaðir I og Þorkelshóll II, Sólbakki, Þórukot, Dæli, Syðra-Kolugil, Nípukot og Bakki

Eigendur ofangreindra jarða skiluðu sameiginlegri greinargerð til matsnefndar. Kemur þar fram að þeir telji stangveiði í Víðidalsá og Fitjaá vera undirstöðu hinna miklu tekna sem veiðifélagið afli. Sé þess vænst að ný arðskrá fyrir veiðifélagið endurspegli þessa staðreynd betur en sú sem nú gildi. Jafnframt sé því haldið fram að arðskrá, sem gilda eigi til framtíðar, þurfi fyrst og fremst að endurspeglja hvaða hlutar vatnasvæðisins það séu sem skapi tekjur veiðifélagsins.

Einn aðaltilgangurinn með stofnun veiðifélagsins árið 1934 hafi verið að auka arðsemi vatnasvæðisins. Í fyrstu arðskrá hafi mjög verið tekið tillit til þess hvar auðveldast væri að ná laxinum í net og hvar þær veiðar væru ötulast stundaðar, en frá stofnun félagsins hafi verið farið að leigja ána út til stangveiða. Hafi veiði verið dræm fyrstu árin en allt frá árinu 1965 hafi verðmæti veiðisvæðisins aukist mjög mikið. Þannig hafi tekjur félagsins á árinu 2006, af útleigu Víðidalsár og Fitjaár og veiðihúsi, numið 53.532.124 krónum, leiga á Hópinu 300.000 krónum og arður af Gljúfurá 455.615 krónum. Hafi útborgaður arður á einingu numið 40.000 krónum. Megi fyrst og fremst þakka stangveiðinni í Víðidalsá og Fitjaá þá verðmætaaukningu sem orðið hafi á síðustu áratugum. Megi í því sambandi benda á að orðspor Víðidalsár síðustu áratugi hafi verið gott og áin eftirsótt til veiði. Hafi það fyrst og fremst skapast af laxveiðinni í Víðidalsá vegna möguleikanna þar á að setja í

stóra laxa. Hafi meðalpungi laxa þar verið með því hæsta sem þekkist á landinu. Víðidalsá sé sérlega vel fallin til fluguveiði, með stórar og grunnar breiður og strengi. Hins vegar séu í Fitjaá mjög margir djúpir hyljir sem henti ekki eins vel til fluguveiði. Í báðum þessum ám sé mjög rúmt um veiðimenn, miðað við margar aðrar laxveiðiár, og fjölmargir veiðistaðir.

Silungsveiðin í Víðidalsá sé einnig mikilvæg. Þannig veiðist bleikja í verulegu magni, sérstaklega seinni hluta sumars. Neðan til á svæðinu veiðist sjóbirtingur í vaxandi mæli á haustin, tveggja til þriggja kílóa fiskar. Landeigendur við ána séu meðvitaðir um að ekki fáiast háir leigusamningar nema veiðimenn séu ánægðir. Hafi því ekki verið nein fyrirstaða af þeirra hálfu þegar bæta hafi þurft aðkomu að ánni og hafi þeir umborið umferð um slægjulönd sín og beitarhólf.

Fyrir liggi að tekjur af veiði í Hópinu séu óverulegar og miðað við 40.000 króna útborgaðan arð fyrir hverja einingu ættu jarðir við Hópið að hafa 7,5 einingar í arðskrá en ekki 143, miðað við að þeim væri ívilnað með að þurfa ekki að taka þátt í rekstrarkostnaði veiðifélagsins. Landeigendur við Hópið nýti sjálfir veiðirétt og eigi þá ekki að fá fullan arð að auki. Í 4. gr. nýrra samþykka veiðifélagsins segi: „Heimilt skal þó veiðieigendum við Hóp að leggja silunganet frá landi á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí og 1. ágúst til 15. september ár hvert. Aldrei skal þó netalengd fara fram úr 30 metrum hjá hverjum landráðanda.“ Þá hafi veiðiréttareigendur við Hópið verið misjafnlega áhugasamir um að bæta aðstöðuna til stangveiða og auka þannig verðmæti svæðisins. Þannig hafi veiðifélagið fengið synjun á leyfi til að lagfæra vegar slóðir með vatninu og til uppsetningar á skýli fyrir veiðimenn og einnig hafi veiðimenn komið þar að læstum hliðum. Vorið 2005 hafi veiðifélagið fengið áhugavert tilboð í stangveiði í Hópinu, eða 800.000 krónur á ári, auk þess sem veiðifélagið myndi eignast veiðihús á tíu árum. Því miður hafi ekki fengist lóð undir veiðihúsið og vonir um auknar tekjur af Hópi því orðið að engu, í bili að minnsta kosti. Á meðan veiðimöguleikar séu lítt nýttir og aðgengi takmarkað að Hópinu skipti bakkalengd þar litlu máli.

Loks sé á það bent að þótt netaveiðar hafi verið stundaðar með arðsömum hætti fyrir 60 árum þá séu aðstæður allt aðrar nú á dögum. Verð á laxi sé lágt og launa- og eldsneytis-kostnaður hár. Sé því vandséð að hægt sé að hafa hagnað af laxveiði í Bjargaósi. Í yfirmati fyrir Víðidalsá árið 1995 hafi verið reiknað út hve mikinn hagnað mætti hafa af netaveiðum á laxi í Bjargaósi. Hafi þessi hagnaður síðan verið þrefaldaður og fjöldi eininga „vegna missis netaveiði í Bjargaósi“ ákvarðaður í samræmi við það. Þessari aðferðafræði sé harðlega mótmælt. Skylduáðild sé að veiðifélagi og ákvörðun félagsins um útleigu vatnasvæðisins til stangveiði svipti hvern og einn landeiganda rétti sínum til að stunda sjálfur stangveiði fyrir sínu landi eða selja aðgang að henni. Augljóst sé að dæmið gangi ekki upp ef bæta ætti hverjum og einum landeiganda við Víðidalsá og Fitjaá „missi á stangveiði“ með því að reikna ávinning af henni og margfalda svo með þremur. Í yfirmatinu frá 1995 hafi verið reiknað með 335 krónum á kg af laxi. Upplýsingar frá Inter-seafood.com hinn 22. nóvember 2007 sýni að meðalverð á eldislaxi í Noregi sé NOK 24,2 á kg, sem svari til 280 króna miðað við gengi NOK þann sama dag. Meðalpungi veiddra

laxa hafi þá verið talinn 4,5 kg, en hafi því miður farið minnkandi. Árin 2004, 2006 og 2007 sé meðalþungi laxa 3,1 kg en frá 1994 til 2007, að árinu 1995 undanskildu, sé meðalþungi 3,8 kg. Gert hafi verið ráð fyrir að í netin í Bjargaósi veiddust árlega 747 laxar. Miðað við að sá fjöldi veiddist þar í net yrðu árlegar tekjur 794.808 krónur. Kostnaður í yfirmatinu hafi verið áætlaður 450.441 króna. Síðan í apríl 1995 hafi vísitala neysluverðs hækkað um 62,9%. Samkvæmt því næmi kostnaður nú 733.868 krónum árlega og árlegur hagnaður yrði því 60.941 króna. Yfirmatsmenn hafi verið svo rausnarlegir að margfalda hagnaðinn með þremur. Þótt það sé ofrausn næmi hagnaðurinn þá samtals 182.823 krónum. Á árinu 1994 hafi greiddur arður á hverja einingu numið 22.000 krónum og þá þurft 92 einingar til að jafnast á við þrefaldan arð af netaveiðum. Á árinu 2007 hafi verið greiddar 40.000 krónur í arð á hverja einingu og þyrfti því nú, samkvæmt sambærilegum forsendum, að úthluta 4,6 einingum vegna aðstöðu til netaveiða í Bjargaósi.

Hin einfalda staðreynd sé að nú sé verið að ákvarða arðskrá fyrir 21. öld og felist tæpast nein fjárhagsleg hlunnindi í því nú að mega veiða lax í net. Augljóst sé að netaveiði á laxi samræmist illa því markmiði, sem fram komi í 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, um skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Rúmar heimildir til netaveiði á laxi í lögunum séu ekki í takt við tíðarandann og orki því tímælis að úthluta arði sem „bótum“ fyrir að stunda ekki slíka veiði.

7.9 Galtanes

Talsmaður eigenda setur fram í greinargerð sinni eftirfarandi athugasemdir og kröfur vegna skrár yfir veiðistaði í Víðidalsá og Fitjaá sem stjórn veiðifélagsins hafi sent félagsmönnum í nóvember 2007.

Er í fyrsta lagi fjallað um veiðistaðinn Galtanesfljót. Sé sá veiðistaður langur og sé aðaltökustaðurinn í landi Galtaness að vestan og landi Stóru-Ásgeirsár að austan. Hins vegar sé veiðin að hluta til neðar, í kvíslinni vestan við Galtaneshólma, sem sé í eigu Galtaness. Eigi því allur arður vegna þess hluta veiðistaðarins að renna til Galtaness. Um vesturkvíslina renni 90-95% af öllu rennsli árinna. Sé það álit talsmannsins að einn af hverjum fimm löxum sem bókaðir séu á Galtanesfljóti séu veiddir þarna niðurfra. Sé þess óskað að matsmenn leiti álits reyndra leiðsögumanna við ána á því hvert þetta hlutfall sé. Sé þess krafist að 1/5 hluti veiðinnar í Galtanesfljóti, vegna austurbakka, verði talinn til Galtaness.

Í öðru lagi er fjallað um veiðistaðinn Þórukotsbakka sem sé við neðri enda Galtaneshólma. Aðaltökustaðurinn þar sé uppi í kvíslinni, vestan við neðri enda hólmanns. Í vesturkvíslinni renni 90-95% af öllu rennsli árinna. Þar sé grunnur strengur sem laxinn liggir yfirleitt í, eða þá eilítið neðar þar sem vatnið byrji að dýpka og straumurinn hægist. Ljóst sé að fjórir af hverjum fimm löxum sem bókaðir séu á Þórukotsbakka séu veiddir upp á mótis við hólmann og skuli því teljast að fullu til Galtaness í arðskrá. Sé þess óskað að matsmenn leiti álits reyndra leiðsögumanna við ána á því hvert þetta hlutfall sé. Sé þess krafist að 4/5 hlutar veiðinnar í Þórukotsbakka, vegna austurbakka, verði taldir til Galtaness.

Loks er í þriðja lagi fjallað um veiðistaðinn Síðukrók. Sá veiðistaður sé skiptur, annars vegar sé lítill strengur við austurbakka, alveg innan í beygjunni ofanverðri. Hinn staðurinn sé um 40 metrum neðar og upp við vesturlandið, við klett sem þar sé. Undanfarin ár hafi neðri staðurinn dalað og sé það mat talsmannsins að níu af hverjum tíu löxum skráðum á Síðukrók séu veiddir á efri staðnum. Sé þess óskað að matsmenn leiti álits reyndra leiðsögumanna við ána á því hvert hlutfall sé á milli veiði í efri og neðri staðnum. Í landamerkjabréfi Galtaness frá 22. maí 1889 segi svo: „Að austan ræður Víðidalsárkvísl, sem rennur fyrir austan Galtaneshólma; svo ræður áin fyrir sunnan Hornkotshólma, þaðan árfarvegur suður með Galtanestanga í síki fyrir austan sama tanga; þaðan ræður áin úti krókinn fyrir neðan Steinsvað.“ Umræddur krókur sé Síðukrókur og muni ekki umdeilt að lækur, u.þ.b. 30 metrum sunnan við klett á vesturbakka, ráði merkjum. Þá sé um það bil hálfur efri veiðistaðurinn í landi Galtaness. Sé þess krafist að helmingur af 9/10 hlutum veiðinnar í Síðukróki, vegna vesturbakka, verði talinn til Galtaness, þ.e. 45% af vesturbakka.

Talsmaðurinn sendi matsnefnd viðbótargreinargerð, dags. 12. ágúst 2008, sem svar við greinargerð eiganda Síðu. Kemur þar fram að af bréfi eigandans megi ráða að ágreiningslaust sé hvar landamerki jarðanna séu. Þá tekur hann fram varðandi kortið sem fylgdi bréfi eiganda Síðu að skurðurinn eða lækurinn sem um ræði sé ekki færður inn á réttan stað á kortinu. Hann sé í raun norðar. Sé ítrekað að efri veiðistaðurinn sé á landamerkjum jarðanna, og sé í því sambandi vísað til ljósmyndarinnar sem fylgt hafi fyrra bréfi talsmannsins.

7.10 Síða

Talsmaður eiganda vekur athygli á því að landamerki á milli Síðu og Galtaness séu í skurði sem liggja í gegnum veg 716, á mótum Síðukróki. Sé skurðurinn á annað hundrað metra fyrir ofan veiðistaðinn Síðukrók. Kveðst talsmaðurinn vilja benda á þetta þar sem hann hafi orðið var við þann misskilning eiganda Galtaness að landamerkin miðist við túngirðingu frá Síðu sem liggja fram á klettinn sem veiðistaðurinn sé út af. Þá sé og bent á að neðri landamerkin séu við enda hólma, milli Víðidalsár og Faxalækjar, en Faxalækur renni beint ofan í veiðistaðinn Faxe. Gætu eigendur Síðu átt þar hlutdeild í veiði að vestanverðu. Meðfylgjandi bréfinu var kort af svæðinu með árituðum merkingum á umræddum stöðum.

Í framhaldi af athugasemdum talsmanns Galtaness sendi eigandi Síðu bréf til matsnefndar, dags. 9. september 2008. Þar vísar hann til þess að ætíð hafi verið um það samkomulag og sameiginlegur skilningur þeirra, sem land eigi að veiðistaðnum Síðukróki, að hann teljist til Síðu og Nípukots. Um landamerki jarðarinnar Síðu segi svo í afsali frá 1891: „... að austan Víðidalsá suður í Árkrok fyrir neðan Steinsvað, að sunnan bein lína úr Árkroknum í gamlan landamerkjagard á flóanum, þaðan ...“ Það sé langtímasátt og skilningur þeirra sem þarna eigi lönd að miðað sé við skurð sem lækur renni eftir og falli í ána að vestanverðu. Þessi lækur sé 110-115 m, mælt eftir árbakkanum, fyrir ofan áberandi klett sem sé neðarlega í króknum. Veiðistaðurinn Síðukrókur sé vel og augljóslega innan

jarðar Síðu þegar miðað sé við fyrrgreindan læk. Hvort sem miðað sé við tvískiptan veiðistað, eins og haldið er fram í bréfi talsmanns Galtaness, eða ekki þá séu báðir staðirnir innan landamerkja Síðu. Er í greinargerðinni vísað til meðfylgjandi ljósmyndar af svæðinu.

Eigandinn sendi viðbótarbréf til matsnefndar, dags. 10. október 2008. Kemur þar fram að gjöffull veiðistaður hafi myndast ofan við veiðistaðinn Faxa. Þessi nýlegi staður sé augljóslega fyrir landi Síðu og sé hann á milli veiðistaðanna Faxa og Faxabakka, skammt fyrir ofan núverandi ós Faxalækjar. Veiðistaðurinn sé ómerktur og sökum nálægðar hans við Faxa hafi veiði í honum verið skráð á Faxa. Vegna þessa sé þess farið á leit við matsnefndina að veiðistaður þessi verði skilgreindur sérstaklega og að veiði verði talin til hans eftir því sem eðlilegt sé og rétt megi teljast, og þá aðgreind frá Faxa. Einnig sé þess óskað að tekið verði tillit til þessa nýja veiðistaðar við endurskoðun arðskrár og þá tekið tillit til veiði þar síðustu ár. Er í bréfinu vísað til meðfylgjandi ljósmynda af svæðinu.

7.11 Þorkelshóll og Sólbakki

Eigendur vekja athygli matsnefndar á því að ágreiningslaust sé að landamerki samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi milli Árnass og Sólbakka séu Dalsáin niður í Dalsárós. Í ljósi þess fari þeir fram á að veiðin í Dalsárósi teljist á austurbakka til hálfis undir Þorkelshól/Sólbakka og til hálfis undir Árnass. Þá sé einnig ágreiningslaust að landamerki milli Nípukots og Þorkelshóls II séu samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi í gömlu brúna þannig að brúarsporðurinn sé allur fyrir landi Þorkelshóls II. Í ljósi þess fari þeir fram á að veiðin á veiðistaðnum Brúin teljist á austurbakka til hálfis undir Þorkelshól/Sólbakka og til hálfis undir Nípukot. Framangreind merki séu áréttuð þar sem í gögnum, sem stjórn veiðifélagsins sendi matsnefnd varðandi veiðistaði og undir hvaða jarðir þeir féllu, hafi mátt skilja að hvorki Dalsárós né Brúin féllu að neinu leyti undir Þorkelshól/Sólbakka.

Í viðbótagreinargerð eigendanna til matsnefndar, dags. 3. september 2008, í framhaldi af athugasemdum talsmanns Árnass, ítreka þeir fyrri kröfu sína um skiptingu veiðistaðarins Dalsáróss og framangreind sjónarmið sín þar að lútandi. Telja eigendurnir einboðið, með hliðsjón af því að Dalsá skipti landamerkjum milli Sólbakka og Árnass, að ós Dalsárinnar tilheyri báðum aðilum að jöfnu. Vísa þeir og til þess að Dalsá sé dragá sem flytji næringarríkt vatn í Víðidalsá. Megi færa rök fyrir því að sú næring sé að mestu komin úr Sólbakkalandi þar sem mikið rof hafi fylgt ánni vegna veiðivegar sem liggja niður með Dalsá, Sólbakkamegin. Þá séu notaðar stórvirkar vinnuvélar til að breyta ósnum á hverju vori til að beina Dalsánni í réttan farveg í stað þess að hún myndi náttúrulegan ós.

Eigendurnir ítrekuðu framangreind sjónarmið enn frekar með bréfi, dags. 3. október 2008. Jafnframt er þar á það bent að öll umferð veiðimanna í Dalsárós sé í gegnum hlaðið á Sólbakka, með tilheyrandi ónæði, án þess að við því sé amast.

7.12 Nípukot

Í bréfi, dags. 15. september 2008, mótmæla eigendur jarðarinnar þeirri kröfu eigenda Þorkelshóls og Sólbakka að veiði úr veiðistaðnum Brúnni í Víðidalsá verði að austan talin

að hálfu falla til Þorkelshóls/Sólbakka en að hálfu til Nípukots. Segja þeir að öll veiði sem merkt sé þessum veiðistað sé tekin neðan gömlu brúarinnar sem skipti merkjum milli jarðanna. Veiðin sé því öll í landi Nípukots.

7.13 Stóra-Ásgeirsá

Með tölvupósti 4. september 2008 mótmælti eigandinn þeirri kröfu eiganda Galtaness að telja beri 1/5 hluta veiðinnar í Galtanesfljóti, vegna austurbakka, til Galtaness, enda ekki til þess vitað að veiðst hafi fiskur á þeim stað sem tilgreindur sé af hálfu Galtaness.

7.14 Þórukot

Í greinargerð eigenda, dags. 2. september 2008, er vísað á bug kröfum eiganda Galtaness um aukna hlutdeild í veiðistaðnum Þórukotsbakka. Þá sé gerð sú krafa að Þórukot fái hluta af veiðistaðnum Kæli vegna þeirrar veiði sem sé á móts við Merkjalæk í jafnræði við Galtanes og Lækjarmót. Þórukot og Lækjarmót liggi þar saman og ráði lækurinn þar merkjum. Galtanes sé þar á móti. Allt það vatn sem komi úr Merkjalæknum renni í efri hluta Kælis, en veiðistaðurinn sé 100 til 150 metra langur. Sé oft veitt á móti læknum vegna aukin vatns, dýpis og ekki síst straums í ánni sem þar sé. Að lokum fara eigendurnir fram á að ekki verði hróflað við þeim fáu einingum, 5 talsins, sem skráðar séu á Þórukot og að helst verði þeim fjölgað.

7.15 Auðunnarstaðir II

Eigendur jarðarinnar krefjast þess að við gerð arðskrárinnar verði horft til mikils áreitiss sem felist í hávaða og rykmekki af völdum bifreiða veiðimanna sem aki um landareignina, og þá sérstaklega bæjarhlaðið sjálft. Ljóst sé að aðstaða tveggja jarða sem standi gegnt hvor annarri, og hafi þar af leiðandi sömu landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns og hrygningar- og uppeldisskilyrði, geti verið með gjörólíkum hætti. Þannig geti landslag verið með þeim hætti að einungis sé hægt með góðu móti að nálgast ána, og þar með veiðistaði, öðrum megin hennar. Telja eigendurnir að góðar aðkomuleiðir séu í raun frumforsaenda fyrir nútíma stangveiðimennsku og þar með tekjum af vatnasvæðinu.

7.16 Víðidalstunga og Víðidalstunga II

Landeigendur segja athugun á veiðiskýrslunum fyrir árin 1995-2007 leiða í ljós að hlutfall veiði þeirra í Fitjaá á þessu tímabili, það er öll veiði í Kerunum og ½ veiði að öðru leyti fyrir landi Víðidalstungu og Auðunnarstaða, hafi verið 30,63%, eða 1268 laxar. Í Kerunum séu veiðistaðirnir Ker (Kerfljót) og Kerafoss. Hins vegar séu þar fleiri veiðistaðir þar sem eigendur Víðidalstungu hafi stundað veiði áður fyrr en séu nú friðaðir vegna laxastigans sem þar sé. Þá skuli þess getið að fyrir veiðitímamann á árinu 2007 hafi laxastiginn verið endurbættur og stækkaður í því skyni að lax gengi fyrr upp í efri hluta Fitjaár. Valdi framkvæmdir af þessu tagi oft breytingum á göngumynstri laxa og hvar þeir veiðist, enda séu framkvæmdirnar beinlínis til þess gerðar. Samkvæmt veiðiskýrslum hafi veiði í Kerunum verið mun minni en undanfarin ár og sé ástæða til þess að ætla að það hafi beinlínis verið vegna framkvæmda í fiskveginum. Í samræmi við ákvæði laga sé því gerð sú krafa að fullt tillit verði tekið til þessa atriðis við væntanlegt arðskrámat. Sam-

kvæmt fyrrgreindum veiðiskýrslum hafi veiði í Víðidalsá fyrir landi Víðidalstungu á tímabilinu verið 1.844 laxar, eða um 23% af heildarveiði árinna. Þar sem Víðidalstunga eigi nokkurt landsvæði beggja vegna árinna hafi veiði Víðidalstungu einnar verið 949 laxar, eða 11,85% af heildarveiðinni.

Þá benda landeigendur á að bleikjuveiði sé mikil í Víðidalsá og bendi margt til þess að verðmæti þeirra veiða fari vaxandi. Komið hafi fram, meðal annars í skýrslum veiðivarða, að skráningu á veiddum bleikjum sé verulega ábótavant, bæði hvað varði veiðistaði og magn. Ljóst sé þó að verulegur hluti þeirrar bleikju sem veiðist á svokölluðu laxasvæði árinna veiðist fyrir landi Víðidalstungu. Litlar rannsóknir hafi farið fram á hrygningarstöðvum bleikjunnar uppi í ánni. Helst sé þar að nefna merkingar á bleikju sem gerðar hafi verið á vegum Veiðimálastofnunar á árunum 1956 til 1963 (Þór Guðjónsson 1991. Sjöbleikjumerkingar í Víðidalsá, Reykjavík). Samkvæmt þeirri skýrslu hafi hinar merktu bleikjur verið veiddar á hrygningarstöðvum í nánd við Víðidalstungubæinn og nokkrar neðst í Fitjaá. Miðað við endurheimtuhlutfall af þessum bleikjum bendi margt til að verulegur hluti af bleikjustofninum hafi hrygningarstöðvar í ánni, auk kvísla og síkja út frá henni, á því svæði sem tilheyrir Víðidalstungu.

Loks taka eigendurnir fram að samkvæmt mælingum Aðalbjörns Benediktssonar á bakkalengd vatnasvæðis veiðifélagsins sé bakkalengd sem tilheyrir Víðidalstungu 11,98% af samanlagðri lengd Víðidalsár og Fitjaár og rúmlega 9% af heildarbakkalengd vatnasvæðisins.

Með vísan til framangreindra tölulegra staðreynda og sjónarmiða krefjast eigendur jarðanna þess að tekið verði eðlilegt tillit til alls þessa og hlutur þeirra þannig hækkaður miðað við fyrri arðskrármöt.

7.17 Hrisar

Eigendur jarðarinnar krefjast þess að verulegar breytingar verði gerðar á þeirri skiptingu arðs sem ákveðin hafi verið með gildandi arðskrá og að í því sambandi verði vandlega hugað að þeim verðmætum sem mat þetta snúist um. Augljóst sé að sú verðmætaukning sem átt hafi sér stað á síðustu árum sé fólgin í þeirri miklu breytingu sem orðið hafi með ásókn í stangveiðar sem sport og til útivistar. Ekki sé því um að ræða verðmæti í merkingu matvæla eða öflunar viðurværis til daglegra þarfa. Enginn vafi leiki á því að hlutur netaveiða, og þau verðmæti sem þær skapi, sé aðeins brot af því sem stangveiðar skapi. Sé þess því krafist að horfið verði frá gömlum sjónarmiðum sem leitt hafi til þess að jörðum við Hópið, sem og jörðinni Þingeyrum, hafi verið úthlutað einingum án tillits til þeirra verðmæta sem áin afli. Megi í því sambandi benda á að tekjur af sölu veiðileyfa í Hópinu séu aðeins brot af heildartekjum af sölu veiði í Víðidalsá og Fitjaá, eða 300.000 krónur á árinu 2006. Þessi úreltu sjónarmið hafi leitt til ranglátrar niðurstöðu í gildandi arðskrá og hafi það einkum bitnað á veiðiréttareigendum við Fitjaá. Hljóti Þingeyrar og jarðir við Hópið að þurfa að sæta lækkun við arðsúthlutun en þær hafi nú samtals 249 af 1.000 einingum. Sé því og mótmælt að jörðum þessum beri skaðabætur í samræmi við 49. gr. nú-

gildandi lax- og silungsveiðilaga. Hafi slíkar bætur einhvern tíma verið réttlætanager hafi tjónið fyrir löngu verið bætt.

Bent sé á að landlengd sé einn af þeim áhersluþáttum sem líta skuli til við arðskrármat. Sé í því sambandi eðlilegt að taka tillit til þess að Fitjaá sé lengri en Víðidalsá. Báðar séu þær gjöfugar veiðiár og skapandi hvað varði veiðistaði, uppeldisskilyrði og klak. Hins vegar sé ekki réttmætt að taka tillit til landlengdar í Hópinu þar sem fyrrgreind skilyrði skorti. Varðandi veiði í Fitjaá sé vísað til fyrirliggjandi veiðitalna, en ljóst sé að iðulega komi 40% af heildarlaxveiði vatnasvæðisins þaðan.

Loks bendir talsmaður landeigenda á nokkur atriði er lúti sérstaklega að jörðinni Hrísum. Þannig segir hann að af heildarveiði Fitjaár veiðist um 50% af laxinum fyrir landi Hrísa. Hlutdeild jarðarinnar af heildarveiði Víðidalsár og Fitjaár sé á bilinu 15 til 20% síðustu ár og sé veiðin nokkuð jöfn á því veiðisvæði sem tilheyrir jörðinni. Þá séu 20 af 32 viðurkenndum veiðistöðum í Fitjaá við Hrísa og megi segja að öll veiðin hafi komið frá landi þeirrar jarðar. Sé hins vegar reiknaður fjöldi laxa á einingu á öllu veiðisvæðinu þá halli verulega á Hrísa. Varðandi hrygningarskilyrði í ánni fyrir lax sé ljóst að þau gerist ekki betri en í Fitjaá, og þá sérstaklega fyrir jörðinni Hrísum. Botngerð árinna sé þar að mestu malarbotn og sé straumlag þar ákjósanlegt fyrir hrygningu og uppeldi á laxi. Hvergi sé leirbotn að finna á þessu svæði eða straumlaust vatn þar sem lax hrygni ekki.

Við athugun matsnefndar á skýrslu vegna bakkalengdarmælinga kom í ljós að ekki hefði verið samkomulag um merki milli Áslands og Hrísa er mælingin fór fram. Af því tilefni sendi eigandi Hrísa matsnefnd tölvubréf þar sem fram kemur að núverandi eigandi Áslands hafi aldrei rætt við eigendur Hrísa um að ágreiningur væri um landamerki jarðanna. Um landamerkin hafi verið samið á árinu 1992. Hafi það verið gert í kjölfar þess að upp hefði komið óvissa um landamerkin við Grásteinstjörn er Aðalbjörn Benediktsson, þáverandi ráðunautur, hefði unnið við mælingu á bakkalengd ána í tengslum við mat sem undirmatsmenn hefðu þá unnið að. Hefði Aðalbjörn óskað eftir því að þáverandi eigendur jarðanna staðfestu landamerkin. Hefðu eigendurnir hist, ásamt Aðalbirni og fulltrúa frá Sauðfjárveikivörnum ríkisins, við Grásteinstjörn og náð endanlegu samkomulagi um merkin með hliðsjón af landamerkjabréfum. Þetta samkomulag hafi líklega verið sent matsmönnum undirritað en undirritaða eintakið hafi ekki komið í leitirnar. Þá kemur fram í bréfinu að umrætt undirmat hafi farið í yfirmat, sem unnið hafi verið á árunum 1992 til 1995. Í því mati komi ekki fram að eigandi Áslands hafi gert athugasemdir við umrætt samkomulag. Hann hafi í afsali sínu frá 1. september 1994 skrifað undir að landamerkin væru ágreiningslaus. Loks segir að eigendur Hrísa geti ekki sætt sig við að núverandi matsmenn taki mið af öðru en því sem fyrir liggir í pappírformi og gert af vönduðum mönnum á sínum tíma undir handleiðslu farsæls ráðunautar.

7.18 Fremri-Fitjar, Auðunnarstaðir, Efri-Fitjar, Neðri-Fitjar, Ytri- og Syðri-Valdarás og Ásland

Eigendur ofangreindra jarða skiluðu sameiginlegri greinargerð til matsnefndar. Kemur þar fram að úr Fitjaá komi iðulega 40% af heildarlaxveiði á félagssvæðinu, enda þótt þar séu

aðeins 2 af 8 laxastöngum. Þar séu 55 merktir veiðistaðir og því ákaflega rúmt um veiðimenn með 2 stangir. Fitjaá sé heitari en Víðidalsá því hún komi af lægra landi. Neðri hluti Víðidalsár sé og sérstaklega kaldur því Ásgeirsá og Dalsá kæli hana, en þær komi rakleiðis niður úr mikilli hæð með leysingavatn allt sumarið. Þá sé Fitjaá mjög mikilvæg uppeldisstöð fyrir laxaseiði því botngerð sé þar mjög hentug, misjafnlega gróf mól og stórgrýti, en óviða sandur og leir. Þá sé vakin athygli á því að tilmæli hafi verið um að veiða ekki í Fitjagili og vegur þar vísvitandi hafður slæmur. Komi þannig fram í skýrslu stjórnar fyrir árið 2002 að þrátt fyrir að mælst hafi verið til þess við veiðimenn að þeir veiddu þar ekki hafi töluverð veiði verið þar. Verði að gera ráð fyrir að meirihluti veiðimanna hafi virt þessi tilmæli. Eðlilegt sé að viðbótareiningum verði úthlutað vegna stangveiði í Fitjaá þar sem friðunin hafi haldið veiði þar niðri til skemmri tíma lítið.

Þrátt fyrir að tilgreint sé í 41. gr. lax- og silungsveiðilaganna nr. 61/2006 að taka skuli tillit til vatnsmagns auk hinna þriggja meginþáttanna, veiði, bakkalengdar og hrygningarskilyrða, sé varað við því að arður vegna Fitjaár verði skertur vegna þess að minna vatn sé í henni en Víðidalsá. Allir veiðimenn viti að betra sé að veiða fisk í vatnslítilli á, eins og Laxá á Ásum og Leirvogsa, en vatnsmiklum ám þar sem erfiðara sé að finna laxinn og veiða hann. Eini kosturinn við mikið vatn sé að það fari að jafnaði saman við mikið flatarmál vatnsbotns, sem þýði stærra svæði fyrir seiðin. Taka beri hins vegar tillit til slíkra þátta við mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum.

Landeigendur benda á að tekjur af vatnasvæði veiðifélagsins komi að langmestu leyti af stangveiði í Víðidalsá og Fitjaá. Þótt netaveiði hafi verið stunduð með arðsömum hætti fyrir 60 árum þá séu aðstæður allt aðrar nú. Verð á laxi sé lágt og launa- og eldsneytis-kostnaður hár. Sé vandséð að hægt sé að hafa hagnað af laxveiði í Bjargaósi. Felist nú tæpast nein fjárhagsleg hlunnindi í því að mega veiða lax í net. Vísað sé til þess að í yfirmati fyrir Víðidalsá árið 1995 hafi verið reiknað út hve mikinn hagnað mætti hafa af netaveiðum á laxi í Bjargaósi. Hafi þessi hagnaður síðan verið þrefaldaður og fjöldi eininga „vegna missis netaveiði í Bjargaósi“ ákvarðaður í samræmi við það. Kveðast eigendurnir mótmæla þessari aðferðafræði harðlega og vísa í því sambandi til sömu sjónarmiða og eigendur Galtarness og fjórtán annarra jarða vísuðu til í sinni greinargerð og rakin eru hér að framan. Þá vitna eigendurnir einnig til framangreindra sjónarmiða eigenda Galtarness o.fl. því til stuðnings að landeigendum við Hópið beri að ákvarða færri einingar en þeir hafi fengið í síðasta yfirmati.

8. Skipting arðs

8.1 Almennt

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka

tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“

Samkvæmt 11. gr. samþykkt fyrir Veiðifélag Víðidalssár nr. 1352/2007, frá 3. desember 2007, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá Víðidalssár frá árinu 1995 er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Í köflum 8.2, 8.3 og 8.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsvæði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Þá er í kafla 9.1 fjallað sérstaklega um Gljúfurá vegna þeirrar sérstöðu sem hún hefur innan veiðifélagsins. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Við vinnu sína hafa matsmenn skoðað rækilega allar kröfur og ábendingar sem einstakir veiðiréttareigendur hafa sett fram og raktar hafa verið í kafla 7 hér að framan. Margt af þessu eru almennar ábendingar eða kröfur almenns eðlis. Þannig leggja eigendur jarða ofar með ánni áherslu á að það séu tekjur af stangveiði sem aukið hafi verðgildi vatnsvæðisins undanfarna áratugi. Benda þeir á að ekki sé eðlilegt annað en horfið verði frá gömlum sjónarmiðum sem leitt hafi til þess að jörðum við Hópið, sem og við Bjargaós, hafi verið úthlutað einingum án tillits til þeirra verðmæta sem áin skili. Á sama hátt benda eigendur á neðstu svæðum árinna á að hlutur þeirra, allt frá fyrstu arðskrá, hafi rýrnað svo mjög að nánast sé um hreina eignaupptöku að ræða. Eigi hlutur þeirra í þessari arðskrá því að vaxa. Koma þessi sjónarmið meðal annars sérstaklega til skoðunar þegar fjallað verður um hlutdeild eigenda jarða við Hópið og Bjargaós í köflum 8.2.1 og 8.2.2 hér á eftir.

Af hálfu eigenda Gottorps hefur þess verið krafist að hlutur jarðarinnar vegna vestari ósa Víðidalssár verði aukinn í arðskrá. Er í því sambandi vísað til þess að netaveiðiskilyrði séu þar mjög góð en jörðin eigi og land að Hópinu, sunnan megin. Matsnefnd tekur fram að samkvæmt 21. gr. laga nr. 61/2006 sé óheimilt að veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Er þetta ákvæði í samræmi við ákvæði áðurgildandi laga. Samkvæmt fyrirleggjandi bakkalengdarmælingu á jörðin Gottorp 80 m bakka ofan við ós Víðidalssár í Hópið og er netaveiði í ánni fyrir landi jarðarinnar því óheimil þegar af þeirri ástæðu. Hins vegar var með lögum nr. 61/2006 afnumið bann við stangveiði í ósum í stöðuvötn og verður því ekki séð að ákvæði laga standi því í vegi að veiðimenn við Víðidalssá geti stundað þar stangveiði sé aðgengi fyrir hendi. Ekki hafa verið lögð fyrir matsnefnd nein gögn um fyrri netaveiðar fyrir landi Gottorps. Þykja ekki efni til að fallast á kröfur Gottorps um aukinn hlut í arðskrá á grundvelli þessa.

Eigandi Refsteinsstaða hefur sett fram athugasemd um að silungsvæðið hafi verið fært af Dælis- og Víðidalstungueyrum án samráðs við eigendur. Athugun leiðir í ljós að meðal-

veiði á svæði Refsteinsstaða var 5,2 laxar á árabílinu 1971 til 1985, en silungasvæðið var fært neðst í ána árið 1986. Á viðmiðunarárum þessarar matsgerðar, árin 1995 til 2009, var meðalveiðin hins vegar 16,5 laxar. Verður því ekki séð að viðkomandi landeigendur hafi tapað á þessari færslu silungasvæðisins. Eigandi Refsteinsstaða bendir jafnframt á að hlutur silungsveiða hafi ætíð verið vanmetinn í arðskrá. Af því tilefni hefur matsnefnd skoðað hvaða tekjur veiðifélagið fær af einstökum hlutum vatnasvæðisins og horfir til þess við skiptingu eininga í arðskrá.

Eigendur á neðstu svæðum vatnasvæðisins benda á að ýmsar framkvæmdir, eins og bygging veiðihúss og laxastiga, hafi verið kostaðar af sameiginlegum sjóði félagsins. Sé því ekki eðlilegt að landeigendur á efstu svæðunum fái allan arð af þeim framkvæmdum sem allir félagsmenn hafi kostað. Þótt þetta sjónarmið styðjist við viss rök verður einnig til þess að líta að slíkar framkvæmdir auka almennt verðmæti vatnasvæðisins í heild, til hagsbóta fyrir alla félagsmenn. Engin gögn hafa verið lögð fram um fjárframlög veiðifélagsins vegna framkvæmda sem nýst hafa sumum veiðiréttareigendum fram yfir aðra. Matsnefnd telur að ekki sé unnt að leggja sjálfstætt mat á þessa þætti miðað við framkomin gögn en tekur fram að vissulega sé horft til þessa við úthlutun eininga út á þá þætti sem til mats koma.

Eigandi Auðunnarstaða II og fleiri jarðeigendur benda á að sumsstaðar hátti svo til að aðgengi veiðimanna að ánni sé einungis frá öðrum bakkanum. Af þeirri umferð hljótist ónæði fyrir eiganda þess bakka þótt eigandi hins bakkans njóti sama arðs. Telja þeir að matsnefnd beri að taki tillit til þessa við gerð nýrrar arðskrár. Ýmis rök mæla gegn því að verða við kröfum af þessu tagi. Má nefna að slík viðurkenning ýtir augljóslega undir samkeppni og auknar kröfur um vegagerð á báðum bökkum árinna, með tilheyrandi kostnaðarauka. Matsnefnd hafnar því kröfu um að úthluta sérstökum einingum í arðskrá vegna þessa aðgengis.

Í kafla 8.2.3 hér á eftir verður fjallað um kröfur einstakra landeigenda um aukinn hlut í arðskrá á þeirri forsendu að fiskur, sem veiddur hafi verið á milli merktra veiðistaða hafi oft verið ranglega skráður á veiðistað í annarri landareign. Fleiri veiðiréttareigendur hafa óformlega sett fram svipuð sjónarmið Matsnefnd telur ekki unnt að víkja til hliðar skráningu í veiðibók nema til þess standi mjög skýr og veigamikil rök, en bendir á mikilvægi góðra merkinga við ána og nákvæmrar skráningar á veiði. Landeigendur geta farið fram á að nýir veiðistaðir séu merktir og þeim komið inn á veiðikort.

8.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiða. Telur nefndin að jarðir sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild viðkomandi jarðar í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Við slíkt mat ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðarnar ekki bannaðar. Slíkt bann er sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og þá aukinni stangveiði á félagssvæðinu. Við mat á fjölda eininga sem

úthlutað er fyrir aðstöðu til netaveiði verður ekki litið fram hjá því að verðmæti netafisks er nú margfalt minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Þá verður einnig að hafa í huga þann kostnað sem hver veiðiréttareigandi yrði sjálfur að bera af slíkum veiðum og að aukin verðmætasköpun samfara aukinni stangveiði bætir hag allra félagsmanna veiðifélagsins með hærri útgreiðslu arðs á hverja arðseiningu.

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu laxveiði eftir einstökum veiðistöðum í Víðidalsá og Fitjaá fyrir árin 1995 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Á framangreindu tímabili voru 10.445 laxar skráðir veiddir í Víðidalsá og 5.157 í Fitjaá. Auk þessa voru 60 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað. Afli sem ekki er skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Gildir þetta um lax og einnig þann silung sem veiddist á laxasvæðum árinna, sbr. hér að framan. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

Mikil silungsveiði er í ánum, einkum á neðsta svæði Víðidalsár, sem er skilgreint sem silungsveiðisvæði. Samkvæmt upplýsingum frá Tuma Tómassyni mun bleikjan vera af tvennum toga. Annars vegar sé um að ræða svokallaða Hópsbleikju, þ.e. bleikju sem ekki hefur farið í sjó, og hins vegar sjóbleikju. Mat á aðstöðu til silungsveiði er byggt á skilgreinum frá veiðifélaginu um skiptingu á silungsveiði fyrir árin 1995 til 2008, en skipting á silungsveiði fyrir árið 2009 barst ekki. Á þessu tímabili voru 24.925 bleikjur skráðar á merкта veiðistaði í Víðidalsá og 329 í Fitjaá. Urriðar skráðir í Víðidalsá voru á sama tímabili 2.548 og í Fitjaá 32. Þess skal getið að 14.348 bleikjur og 2.152 urriðar voru veiddir á svonefndu silungssvæði. Þar af voru 2.863 bleikjur og 566 urriðar veiddir án þess að nánar væri getið um veiðistað. Þar sem allir veiðistaðir á því svæði tilheyra jörðunum Refsteinsstöðum og Stóru-Borg, samkvæmt skrá veiðifélagsins, settu matsmenn þennan afla á þær jarðir. Á viðmiðunarárunum var 4.501 bleikja veidd á laxasvæði árinna án þess að getið væri um veiðistað. Ljóst er að á silungasvæðinu eiga veiðimenn jafnframt von á laxveiði sem hefur áhrif á verðmæti þess í útleigu. Á sama hátt getur silungsveiði inni á svonefndum laxasvæðum skipt máli, einkum ef lítil laxveiði er.

8.2.1 Bjargaós

Fyrir liggur að laxveiði í net var stunduð í Bjargaósi frá Þingeyrum við stofnun veiðifélagsins, en að þeim var hætt er veiðifélagið samþykkti nokkrum árum síðar að banna allar netaveiðar á félagssvæðinu. Eins og rakið hefur verið í kafla 7.1 hér á undan hefur eigandi Þingeyra bent á að framlag Þingeyra til arðsmyndunar í ánni sé verulegt með því að þaðan séu ekki lögð net og að verðið sem fáið fyrir útleigu á stangveiði árinna sé miklu hærra fyrir þá sök. Af þessu leiði að snar hluti þess verðs sem fáið fyrir útleigu stangveiðiréttinda sé í reynd greiðsla til Þingeyra fyrir að veiða ekki í net, m.a. í Bjargaósi, þann lax sem jörðin myndi ella veiða þar ef hún nýtti þessi hlunnindi. Eins og rakið er í kafla 7.8 og víðar hér að framan hafa tilgreindir veiðiréttareigendur við Víðidalsá og Fitjaá mótmælt framangreindum sjónarmiðum og telja vandséð að hægt sé að hafa hagnað af laxveiði í Bjargaósi. Benda þeir á að ekki sé eðlilegt annað en horfið verði

frá gömlum sjónarmiðum sem leitt hafi til þess að jörðum við Hópið og við Bjargaós hafi verið úthlutað einingum án tillits til þeirra verðmæta sem áin afli.

Hvorki hafa verið lögð fram gögn um laxveiði í net frá þeim tíma sem veiðar voru stundaðar í Bjargaósi né gögn er leiða líkur að umfangi þeirra eða því tjóni sem af veiðibanninu hefur leitt. Með hliðsjón af úthlutun í arðskráum fyrri ára og gögnum að öðru leyti þykir þó mega ætla að veiði þessi hafi verið mikil hlunnindi fyrir Þingeyrar. Þá er engin aðstaða til stangveiða í Bjargaósi. Því verður að meta hlutdeild Þingeyra í arðskrá vegna Bjargaóss eftir öðrum leiðum en gert er annars staðar á vatnasvæðinu. Þykir við það mat einkum verða að horfa til þess arðs sem hugsanlegt væri að hafa af þessum veiðum ef þær væru heimilar.

Meðalveiði í Víðidalsá og Fitjaá á viðmiðunartímabilinu frá 1995 til 2009 var 1.044 laxar og meðalþyngd laxa á sama tímabili reyndist vera um 3,6 kg. Sé við það miðað að unnt hefði verið að veiða framangreint magn í net við Bjargaós, hefði veiðibannið ekki komið til, enginn kostnaður væri af veiðunum og söluverð á hvert kíló væri 450 krónur, myndi söluverðmætið samtals nema 1.691.280 krónum, eða 1.620 krónum á lax.

Eigandi Þingeyra hefur lagt á það áherslu að við mat á arðshlut jarðarinnar verði horft til samninga sem annars vegar eigendur og/eða handhafar stangveiðiréttar á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði hafa gert við Veiðifélagið Hvítá og hins vegar Stangveiðifélag Reykjavíkur við svokallaða Selfossbændur um upptöku á netum í Hvítá og Ölfusá. Ljóst er að aðstaða veiðiréttareigendanna, sem með framangreindum hætti seldu rétt sinn tímabundið til netaveiða í frjálsum samningum, er nokkuð frábrugðin þeirri stöðu sem hér er uppi varðandi Þingeyrar. Þannig eru viðsemjendurnir allir handhafar veiðiréttar á félagssvæði annarra veiðifélaga, en eigandi Þingeyra er hins vegar skyldubundinn aðili að Veiðifélagi Víðidalsár og verður að hlíta reglum þess. Samkvæmt framlögðum gögnum hafði árleg meðalnetaveiði í Hvítá verið 5.049 laxar árin 1981-1990, meðan netaveiði var enn stunduð þar fullum fetum. Tekjur Veiðifélagsins Hvítár vegna upptöku neta voru 16.818.025 krónur á árinu 2006 eða 3.331 króna á lax. Meðalveiði Selfossbænda á árunum 1997-2006 hafði verið 814 laxar. Þeir fengu árlega greiddar 5.800.000 krónur fyrir netaupptöku í Ölfusá. Það jafngilti að greiddar hafi verið 7.125 krónur á lax.

Við síðasta mat á Víðidalsá beitti þáverandi yfirmatsnefnd ákveðnum útreikningum á því hvernig arði skyldi úthluta vegna veiðibanns í Bjargaósi. Séu þeir útreikningar framreiknaðir, miðað við verð á laxi og greiddan arð, myndi einingafjöldi jarðarinnar lækka verulega.

Ljóst er að aflagning netaveiða í Bjargaósi hefur átt verulegan þátt í þeirri verðmætaaukningu sem orðið hefur á félagssvæði Víðidalsár og verður horft til þess við arðsúthlutun.

Að virtu því sem að framan hefur verið rakið, og með hliðsjón af því að útborgaður arður í veiðifélaginu nam 42 milljónum króna á árinu 2008, þykir hæfilegt að úthluta eiganda Þingeyra 600 einingum vegna aðstöðu til netaveiða í Bjargaósi.

8.2.2 Hóp

Samkvæmt ársreikningum veiðifélagsins námu árlegar leigutekjur fyrir stangveiði í Hópinu 350.000 krónum á árunum 2007 og 2008 en á árinu 2006 námu þær 300.000 krónum. Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins tekur félagið til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar, en veiðieigendum við Hóp er þó heimilað að leggja silunganet frá landi á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí og 1. ágúst til 15. september ár hvert. Lengd hvers nets má þó ekki fara yfir 30 metra. Engar tölur hafa verið lagðar fram yfir veiðar þessar og því erfiðara en ella að meta hversu mikið tjón hefur í raun hlotist af umræddri veiðitakmörkun fyrir veiðiréttareigendur. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslum hefur einungis einn lax verið skráður veiddur í Hópinu á árunum 1995 til 2009.

Vetrarveiði á silungi undir ís var leyfð í vatninu á árunu 1987 til 1989 og mun þá öllum félagsmönnum hafa verið gefinn kostur á að kaupa veiðileyfi. Matsnefnd hefur aflað upplýsinga um að veiðin hafi á árinu 1987 verið stunduð af mörgum félagsmönnum og hafi hún þá numið um 5 tonnum. Veiðin á árinu 1988 hafi hins vegar verið miklu minni og því minna stunduð. Lítil veiði hafi verið á árinu 1989 og á árinu 1990 hafi einnig verið lítil veiði og hún lítið eða ekkert stunduð. Samþykkt var á félagsfundi í nóvember árið 1990 að hætta þessum veiðum með hliðsjón af áhrifum hennar á silungsveiði í Víðidalsá.

Að virtu framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að úthluta beri veiðiréttar eigendum við Hópið samtals 225 einingum í arðskrá fyrir aðstöðu til veiða í Hópinu.

8.2.3 Víðidalsá og Fitjaá

Veiðitölur eru lagðar til grundvallar við úthlutun eininga vegna aðstöðu til veiði í ánum, ofan Hópsins. Fyrir liggur skrá yfir hvaða veiðistaðir tilheyra hverri jörð og í samræmi við hana er veiði skipt á jarðir. Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.360 einingum milli veiðiréttareigenda við Víðidalsá og Fitjaá í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að skipta 450 einingum milli veiðiréttareigenda við Víðidalsá og Fitjaá í samræmi við hlutdeild þeirra í bleikjuveiði og 50 einingum í samræmi við hlutdeild þeirra í urriðaveiði.

Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við veiðistaðaskrána og skiptingu veiði á einstaka veiðistaði. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þessum athugasemdum og niðurstöðum matsnefndar hvað það varðar.

8.2.3.1 Veiðistaðurinn Faxi er í landi Litlu-Borgar að vestan. Um 200 til 300 m ofar er veiðistaðurinn Faxabakki, sem er í landi Síðu. Milli þessara veiðistaða telur eigandi Síðu að myndast hafi veiðistaður sem eigi að teljast til Síðu, en veiði þar sé trúlega skráð á

Faxa. Matsmenn fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður. Í samráði við landeiganda setti veiðivörður upp merkið Faxi 2 sumarið 2009, en þar hafði þó engin veiði verið skráð. Staður þessi er þar sem Faxalækur rennur í ána, beggja vegna lítils hólma. Með hliðsjón af því að engin veiði var skráð á Faxa 2 sumarið 2009 er það niðurstaða matsmanna að ekki sé hægt að taka tillit til þessarar kröfu eiganda Síðu í mati þessu. Skráning á veiðistaðina Faxa og Faxabakka er því látin standa óbreytt og veiði skipt eins og skrá veiðifélagsins segir til um.

8.2.3.2 Eigendur Þorkelshóls og Sólbakka hafa krafist þess að veiðin á austurbakkanum í veiðistaðnum Dalsárósi teljist til hálfis undir Þorkelshól/Sólbakka en til hálfis undir Árness. Eigandi Árness hefur mótmælt þessu og bent á að veiðistaðurinn sé allur í landi Árness. Ágreiningslaust er að Dalsá ræður merkjum milli Sólbakka og Árness. Matsnefnd hefur fengið upplýsingar staðkunnugra um að nokkuð sé um að rennsli Dalsár inn í ós hennar í Víðidalsá sé breytt, og sé það jafnvel gert árlega, í því skyni að halda veiðistaðnum við og að auðvelda veiðimönnum aðkomu að ánni. Rétt fyrir ofan ósinn sé veiðistaður sem kalladur hafi verið Spelliginn og sé nokkuð um að veiði þar sé skráð á Dalsárós. Matsnefnd hefur skoðað aðstæður á staðnum með tilliti til ágreiningsefnisins. Að virtu framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að 10% af allri veiði skráðri á Dalsárós verði talin til Þorkelshóls/Sólbakka, en 40% til Árness og 50% til Litlu-Borgar.

8.2.3.3 Eigandi Galtaness heldur því fram að 9/10 af laxi sem skráður sé á veiðistaðinn Síðukrók sé veiddur fyrir ofan hinn eiginlega Síðukrók, og þannig ofan landamerkjá. Gerir hann þá kröfu að sú veiði teljist til Galtaness en ekki til Síðu. Eigandi Síðu mótmælir þessu. Matsmenn hafa fengið upplýsingar staðkunnugra um að veiðistaðurinn Síðukrókur hafi verið að breytast síðustu árin. Minna veiðist nú við klettinn að vestanverðu en meira nálægt austurbakkanum, 30 til 40 m ofar, út af totu á eyrinni austan ár. Matsmenn fóru á vettvang og sáu að landamerki jarðanna Galtaness og Síðu, sem virðast ágreiningslaus, eru ríflega 100 m ofan við klettinn en ekki 30 m eins og fram kemur í greinargerð talsmanns Galtaness. Er það niðurstaða matsmanna að veiði í Síðukróki skuli skiptast milli jarðanna Síðu og Nípukots, eins og verið hefur.

8.2.3.4 Eigendur Þorkelshóls og Sólbakka gera þá kröfu að austurbakki veiðistaðarins falli til hálfis undir Þorkelshól/Sólbakka. Eigendur Nípukots mótmæla kröfunni og benda á að öll veiðin sé neðan við gömlu brúna, sem skipti merkjum. Ágreiningslaust er að gamla brúin skiptir merkjum milli Þorkelshóls/Sólbakka annars vegar og Nípukots hins vegar. Samkvæmt upplýsingum staðkunnugra veiðist fyrst og fremst á þessum stað þegar lax er að ganga. Nær óþekkt sé að lax veiðist milli gömlu og nýju brúarinnar, en ofan við nýju brúna veiðist stundum og heiti sá veiðistaður Efribrú. Matsmenn fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður. Matsmenn hafa fengið upplýsingar staðkunnugra um að aðalveiðistaðurinn sé nokkru neðan við gömlu brúna, á og við brot sem þar er. Matsmenn hafna því kröfu Þorkelshóls/Sólbakka um hlutdeild í veiðistað þessum. Verður veiðin þar því eftir sem áður talin til Nípukots annars vegar og hins vegar til Galtaness, eins og veiðistaðaskrá veiðifélagsins segir til um.

8.2.3.5 Eigandi Galtaness gerir þá kröfu að 4/5 hlutar þeirrar veiði sem skráð er á Þórukotsbakka verði skráð á Galtanes beggja vegna ár með vísan til þess að aðaltöku- staður sé uppi í kvíslinni, vestan/norðan við Galtaneshólma. Eigendur Þórukots mótmæla þessari kröfu, enda viti þeir ekki til þess að lax veiðist neðst í kvíslinni. Samkvæmt veiðitölum hafa 82 laxar verið skráðir á veiðistaðinn Þórukotsbakka á árunum 1995 til 2009, eða að meðaltali 5,5 laxar á ári. Hins vegar var enginn lax skráður þar árin 2006 til 2008 og aðeins 1 lax árið 2009. Veiðistaðurinn Nikki er 200 til 300 m uppi í kvíslinni, norðan við Galtaneshólmann. Mjög stutt er milli veiðistaðanna Nikka og Þórukotsbakka og samkvæmt upplýsingum sem matsmenn hafa aflað sér er lax sem veiddur er í kvíslinni yfirleitt skráður á Nikka en lax veiddur þar fyrir neðan, eftir að kvíslarnar um Galtaneshólma sameinast, skráður á Þórukotsbakka. Samkvæmt veiðitölum er um fáa laxa að ræða og hagsmunir því mjög óverulegir. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða matsmanna að hafna kröfu Galtaness og hrófla ekki við fyrirliggjandi skráningu á veiðistaði.

8.2.3.6 Eigendur Þórukots gera þá kröfu að jörðin fái hlutdeild í þeirri veiði sem skráð sé á veiðistaðinn Kæli, enda sé efsti hluti veiðistaðarins á landamerkjum Þórukots og Lækjamóts. Vísað er til þess að oft sé veitt við merkjalækinn vegna aukins vatns, dýpis og straums sem þar sé í ánni. Samkvæmt upplýsingum sem matsmenn hafa aflað sér og eftir vettvangsskoðun verður að telja að merkjalækurinn sé fremur vatnslítill. Kælir er langur veiðistaður, sem nær frá fyrrnefndum landamerkjum niður með ánni. Á korti er þessi veiðistaður merktur nr. 22. Efri hluti veiðistaðarins hefur á síðari árum verið nefndur Efri-Kælir og veiði skráð sérstaklega á þann stað. Samkvæmt veiðibókum er veiðin á viðmiðunartímabilinu að mestu leyti skráð á Kæli, eða alls 395 laxar, en 38 laxar eru skráðir á Efri-Kæli, eða rúmlega 2 laxar á ári. Munu vera þess nokkur dæmi að menn hefji veiðar ofan við merkjalækinn og að einhverjir laxar taki þar. Að þessu virtu er það niðurstaða matsmanna að um mjög óvissa og óverulega hagsmuni sé að ræða. Verður því ekki fallist á kröfu Þórukots í matsgerð þessari.

8.2.3.7 Eigandi Galtaness hefur krafist þess að einn af hverjum fimm löxum, sem skráðir séu á veiðistaðinn Galtanesfljót, verði á austurbakka taldir til Galtaness. Vísar hann í því sambandi til þess að hann telji að fyrrgreint hlutfall þeirra laxa, sem bókaðir séu á Galtanesfljót, séu veiddir neðar í ánni, þ.e. í kvíslinni vestan við Galtaneshólma, og eigi að teljast að fullu til Galtaness. Eigandi Stóru-Ásgeirsár mótmælir þessu og segir ekkert liggja fyrir um að fiskur hafi veiðst á fyrrgreindu svæði. Í Galtanesfljóti hafa veiðst 288 laxar á viðmiðunarárunum, þar af 61 lax sumarið 2009, eða rúmlega 19 laxar á ári. Samkvæmt upplýsingum sem matsmenn hafa aflað sér er Galtanesfljót langur og breiður veiðistaður og mest veiði í miðjum hylnum, nokkuð fyrir ofan landamerki Stóru-Ásgeirsár og Galtaness. Dæmi munu hins vegar um að einstaka lax veiðist í kvíslinni vestan við Galtaneshólma, einkum síðari hluta ágústmánaðar og í september. Matsnefnd telur að ekki hafi komið fram fullnægjandi rök til að líta framhjá skráningu í veiðibók á þessum stað og því sé ekki hægt að taka tillit til þessarar kröfu. Verður skráð veiði á Galtanesfljóti því lögð óbreytt til grundvallar við úthlutun.

8.2.3.8 Eigendur Víðidalstungu og Víðidalstungu II hafa krafist þess að tekið verði tillit til þess við arðsúthlutun að þeir hafi orðið fyrir skerðingu á veiði í Kerunum vegna laxastigans sem þar sé. Felist það bæði í því að veiðistaðir, sem þar hafi verið áður, hafi verið friðaðir eftir byggingu hans og að veiði í veiðistöðunum Keri (Kerfljót) og Kerafossi hafi minnkað við þær endurbætur sem átt hafi sér stað á stiganum fyrir veiðitímamann 2007. Við samanburð matsmanna á veiðitölum úr framangreindum veiðistöðum, sem eru neðan laxastigans, annars vegar fyrir tímabilið 1995 til 2006 og hins vegar 2007 til 2009, kemur í ljós að á fyrrnefnda tímabilinu veiddust á þessum veiðistöðum 7,65% af heildarlaxveiði á félagssvæðinu, en á seinna tímabilinu var veiðin 2,7%. Einnig má sjá að árleg veiði á tímabilinu 1995 til 2006 var á þessum veiðistöðum frá 3,48% til 12,16% af heildarveiði. Enda þótt framangreint gefi vísbendingu um að samdráttur hafi orðið á veiði á framangreindum stöðum eftir endurbætur stigans telur matsnefnd, að svo komnu, ekki næg efni til að fallast á kröfu þessa þar sem einungis þrjú veiðiár eru liðin frá umræddum framkvæmdum og ljóst af framansögðu að sveiflur geta orðið í veiði á þessum veiðistöðum.

8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá er hvað þetta varðar einnig horft til aðgengis að veiðistöðum og verðmætasköpunar einstakra svæða.

Varðandi þennan þátt arðskrármatsins bendir landeigandi við Fitjaá á að Fitjaá og Víðidalsá séu báðar gjöfugar veiðiár og skapandi hvað varði veiðistaði, uppeldisskilyrði og klak. Hins vegar sé ekki réttmætt að taka tillit til landlengdar í Hópinu þar sem fyrrgreind skilyrði skorti. Landeigendur við Hóp, og raunar neðst í Víðidalsá, benda hins vegar á að taka skuli tillit til þess að Hópið eigi að njóta þess að fósra fiskinn og skila laxi og silungi upp í ána. Því meira sem vatnsmagnið sé og því stærri vatnsbotn þeim mun meira lífsrými hafi allur fiskur á vatnasvæðinu. Verði lífsskilyrði hans því mun hagstæðari og uppeldisskilyrði alla jafna betri. Matsnefnd telur að þessi atriði geti að nokkru vegið hvort annað upp. Loks má benda á að við úthlutun eininga vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða, sbr. kafla 8.5 hér á eftir, er einingum úthlutað með hliðsjón af botngerð og flatarmáli vatnsbotns.

Meðal þeirra gagna sem matsmenn fengu í hendur við vinnu sína er skrá um landlengd jarða á félagssvæðinu, sem unnin var sérstaklega fyrir mat þetta af Kristjáni Eymundssyni hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda. Farið var með GPS-tæki á landamerki og teknir punktar. Þeim punktum var síðan hliðrað út í miðja á. Bakkalengd var síðan mæld eftir hnitsettri loftmynd á milli landamerkjapunkta. Mælt var eftir miðlínu meginstraums. Reyndist lengd Víðidalsár vera 28.354 m, en samkvæmt fyrri mælingu frá 1992 var hún 27.130 m. Þá reyndist lengd Fitjaár 20.980 m en var 20.830 m samkvæmt eldri mælingu. Heildarbakkalengd Hópsins reyndist vera 26.893 m en var 25.470 m samkvæmt eldri mælingu.

Í greinargerð mælingamanns sem fylgdi með mælingunni kom fram að ekki var samkomulag milli eiganda Áslands og Hrísa um landamerki jarðarinnar. Var því sú vegalengd mæld sérstaklega, sem reyndist vera 282 m. Af því tilefni gaf matsnefnd eigendum jarðanna kost á að tjá sig um málið. Í framhaldi af því lýsti eigandi Hrísa því sjónarmiði að um landamerkin hefði verið gert sérstakt samkomulag milli þáverandi eigenda jarðanna á árinu 1992 í tengslum við mælingar á bakkalengd Fitjaár sem þá fór fram. Við þá arðskrárgerð yfirmatsnefndar sem nú gildi hafi verið byggt á þessu samkomulagi. Núverandi eigandi Áslands hafi aldrei lýst ágreiningi við eigendur Hrísa um merki jarðanna. Eigandi Áslands, sem eignaðist jörðina með afsali 1. september 1994, segir að þessu samkomulagi hafi ekki verið þinglýst og telur merkin norðar.

Enda þótt matsnefnd telji það ekki á sínu verksviði að leysa úr ágreiningi milli aðila um hvar merki milli jarðanna liggi, verður ekki annað séð en að við gerð gildandi arðskrár hafi verið lögð til grundvallar þau landamerki við Grásteinstjörn sem eigendur Hrísa hafa staðhæft að samkomulag hafi verið gert um á árinu 1992. Ekki hafa verið lögð fyrir matsnefnd nein þau gögn sem nefndin telur að leitt geti til þess að hróflað verði við þeirri niðurstöðu. Telur nefndin að engu breyti í því sambandi sú staðhæfing eiganda Áslands, sem eignaðist jörðina með afsali 1. september 1994, að samkomulagið hafi ekki gildi þar sem því hafi ekki verið þinglýst. Verður því miðað við sömu forsendur hvað þetta varðar.

Ekki hafa matsmenn fengið aðrar athugasemdir við þessa nýju mælingu og er hún því lögð óbreytt til grundvallar í mati þessu.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.511 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við landlengd Víðidalsár, Fitjaár, Hóps og Bjargaóss. Samkvæmt fyrrnefndum viðmiðum fá bakkar, frá ósi í sjó að ármótum Víðidalsár og Fitjaár, vægið 1,0. Bakkar Víðidalsár, frá ármótum að Kolufossi, fái vægið 0,9 og bakkar Fitjaár fái vægið 0,8, frá ármótum að Bjarnafossi. Þar sem svo hagar til að áin rennur í kvíslum og hólmar myndast, er vægi bakka lækkað þannig að bakkar á þessu svæði fái í heild sama vægi og áin rynni í einum farvegi.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum erfið-

leikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegt mat búsvæða er ætlað til að bæta úr þessum erfiðleikum.

Við mat þessa þáttar leggja matsmenn til grundvallar mat á uppeldisskilyrðum fyrir lax á fiskgengum hlutum Víðidalsár og Fitjaár. Skýrsla þessi var unnin af Jóni Kristjánssyni og Tuma Tómassyni í nóvember 2007. Þar kemur fram að þeir þættir sem mest áhrif hafi á getu áa, sem séu á annað borð laxgengar, til að fósra laxaseiði séu frjósemi, hitafar og botngerð. Hitafarið sé líklegast sá þáttur, ásamt leiðni, sem hafi mest áhrif á útbreiðslu tegunda í íslenskum ám. Við samanburð innan hvers vatnasviðs sé hæð yfir sjó þó nokkuð góður mælikvarði á hitafar og reyndar frjósemi einnig. Almenna reglan sé sú að frjósemi aukist eftir því sem neðar dragi í vatnasviðinu og hiti aukist. Þá kemur fram í skýrslunni að búsvæðamatið hafi verið unnið þannig að botngerð hafi verið metin sem hlutfallsleg samsetning botnefna og flokkuð eftir kornastærð (þvermáli) í fimm flokka. Hverjum flokki hafi verið gefin einkunn, sem tekið hafi mið af möguleikum seiða til að ná sjóþroska á búsvæði þar sem botn einkennist af viðkomandi flokki. Því grófari sem botninn sé þeim mun hærra vægi fái hann þegar metin sé geta til að framleiða gönguseiði. Þegar botngerð einkennist af mjög stóru grjóti eða björgum þá dragi aftur úr framleiðslugetu, en hvergi sé um slíkt að ræða á laxgengum svæðum Víðidalsár og Fitjaár. Flokkun vægis sé eftirfarandi: Leir/sandur með kornastærð undir 1 sm hafi vægið 0, mül að kornastærð 1-10 sm vægið 0,2, smágrýti með kornastærð 10-20 sm vægið 0,8, stórgrýti yfir 20 sm vægið 1, en klöpp hafi vægið 0.

Í skýrslunni er Víðidalsá skipt niður í 12 einsleit svæði og reiknuð út framleiðslugildi hvers þeirra. Teljast framleiðslugildi árinna alls 2.094. Á sama hátt var Fitjaá skipt niður í 10 einsleit svæði og töldust þar 1.757 framleiðslugildi. Þar til viðbótar voru hliðarar skoðaðar með tilliti til þessa þáttar og reiknuð framleiðslugildi eftir því sem við átti. Þannig var Ásgeirsá með 9 framleiðslugildi, Dalsá 62 og Kamsá 24.

Matsmenn fengu ekki í hendur skrá um skiptingu framleiðslugilda á hverja jörð. Hins vegar liggur fyrir fjöldi framleiðslugilda á einstökum svæðum árinna. Með hliðsjón af því og fyrirliggjandi landlengdarmælingum skiptu matsmenn þessum framleiðslugildum á jarðir.

Í búsvæðamatinu kemur fram að sérstök áhersla hafi verið lögð á að vinna matið fyrir lax en þó beri að hafa í huga að silungur, einkum bleikja, sé einnig mikilvægur hluti veiðanna í Víðidalsá og Fitjaá. Í umsögn til matsnefndar bendir Tumi Tómasson á að bleikjan sé af tvennum toga. Annars vegar svokölluð Hópsbleikja, þ.e. bleikja sem ekki hefur farið í sjó, og hins vegar sjóbleikja. Hann telur að þessir stofnar blandist, en segir að um 80% af þeim bleikjum sem hann hafi skoðað í afla veiðimanna hafi verið Hópsbleikjur. Þá kemur fram í umsögninni að bleikja virðist ekki hrygna í Hópinu. Hann hafi rafveitt með strönd vatnsins en aldrei orðið var við bleikju né urriðaseiði. Hann telur að bleikjan hrygni að langmestu leyti í Víðidalsá en í minna mæli í Gljúfurá og neðst í Dalsá. Flest bendi til að bleikjan gangi í Hópið eftir einungis einn vetur í ánni og alist þar upp en lítill hluti hennar

gangi til sjávar. Í umsögninni segir að ef einungis ætti að taka tillit til uppeldisskilyrða þá séu þau nánast öll í Hópinu.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.200 einingum milli veiðiréttareigenda við Víðidalsá, Fitjaá, Dalsá, Ásgeirsá og Kambsá vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Jafnframt er ákveðið að skipta 425 einingum milli veiðiréttareigenda við Hópið vegna þessa þáttar.

Þeim einingum sem hér er úthlutað til veiðiréttareigenda við Hópið, ásamt þeim einingum sem áður var úthlutað til sömu eigenda vegna aðstöðu til veiði, sbr. kafla 8.2.2 hér á undan, er skipt með eftirfarandi hætti: Annars vegar er helmingi eininga skipt jafnt milli jarða við vatnið út á almenning þess, með tilliti til 6. gr. laga um lax- og silungsveiði, en hinum helmingnum skipt til einstakra jarða í samræmi við landlengd. Þar að auki fá jarðir við Hóp einingar út á landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns, sbr. kafla 8.3 hér á undan.

9. Aðrir þættir

9.1 Gljúfurá

Gljúfurá er austan við Víðidalsfjall og rennur í Hópið sunnanvert. Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins nær félagssvæði þess í Gljúfurá upp að fossi í Gestalaut. Er hér um að ræða neðsta hluta árinna, alls 2.715 m. Þar ofan við tekur við Veiðifélag Gljúfurár og fellur það svæði ekki undir mat þetta.

Við Gljúfurá er nýlegt veiðihús, Gljúfurholt. Samningur er milli Veiðifélags Víðidalsár og Veiðifélags Gljúfurár um eignarskipti á veiðihúsinu þannig að Veiðifélag Víðidalsár eigi 23% og Veiðifélag Gljúfurár 77%. Samkomulag er um að Veiðifélag Víðidalsár fái 23% af útgreiddum arði Veiðifélags Gljúfurár.

Samkvæmt ársreikningi Veiðifélags Víðidalsár fyrir árið 2008 námu tekjur félagsins vegna Gljúfurár á því ári 727.310 krónum en höfðu verið lægri árin þar á undan. Á undanförunum árum hafa staðið yfir verulegar framkvæmdir við ána, m.a. bygging fyrrnefnds veiðihúss, og var um það samið að leigugjald skyldi að hluta greitt með ýmsum framkvæmdum.

Á síðustu 15 árum veiddust 415 laxar á félagssvæði Veiðifélags Víðidalsár í Gljúfurá, sem var 39,5% af heildarveiði í ánni. Auk þess veiddust í Gljúfurá allri 1.558 bleikjur og 99 urriðar. Er sá silungur nær allur talinn veiddur neðan við foss í Gestalaut. Ekki hefur verið gert búsvæðamat vegna árinna. Við mat á arði vegna Gljúfurár er horft til verðmætasköpunar árinna og þess að vatnsmagn er þar verulega minna en í Víðidalsá. Bakkar við ána fá því vægið 0,6 og vægi hvers veidds fískis er 0,8.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er jörðum við Gljúfurá úthlutað samtals 179 einingum, sem skiptast jafnt milli jarðanna Miðhóps og Hólabaks.

9.2 Dalsá, Ásgeirsá og Kambsá

Engin gögn liggja fyrir um veiði í ám þessum. Skv. b-lið 41. gr. laga um lax- og silungsveiði, og einnig skv. a-lið 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár, skal taka tillit til landlengdar að veiðivatni við úthlutun arðs. Samkvæmt 59. tl. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði er veiðivatn skilgreint þannig: „Á eða stöðuvatn sem veiði er í, eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar“. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að þessar ár teljist ekki veiðiár í skilningi lax- og silungsveiðilaga og er því ekki úthlutað einingum út á landlengd. Í kafla 8.4 hér að framan var þessum hliðarám hins vegar úthlutað einingum út á hrygningar- og uppeldisskilyrði.

9.3 Seiðasleppingar

Verulegum fjölda sumaralinna seiða hefur á undanförunum árum verið sleppt á ólaxgeng svæði ofan við félagssvæði veiðifélagsins. Þessi svæði koma ekki til arðskrármats, en veiðifélagið greiðir landeigendum þar sérstaklega fyrir þetta. Þessar seiðasleppingar eru ekki látnar hafa áhrif í mati þessu umfram það að veiddur lax mun oft hafa komið úr þessum sleppingum og hefur þannig áhrif á arðsúthlutun.

9.4 Laxastigar og/eða fiskivegir

Áður hefur verið gerð grein fyrir laxastiga við Kerafoss, en að öðru leyti hefur hann ekki áhrif í mati þessu.

9.5 Framkvæmdir á vegum veiðifélags

Í matsgerð þessari hefur verið vikið að framkvæmdum á vegum félagsins, en þær eru einar sér ekki taldar hafa áhrif á skiptingu arðs.

10. Aðrar kröfur

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, fyrir Veiðifélag Víðidalsár, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

Vinna við matsgerð þessa hefur tafist nokkuð, m.a. vegna gagnaöflunar, rannsóknarvinnu og mikils fjölda matsmála sem til meðferðar hafa verið hjá matsnefndinni.

11. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 6.308.500,- (sex milljónir þrjú hundruð og átta þúsund og fimm hundruð) krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Víðidalsár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Arðskrá

fyrir Veiðifélag Víðidalsár

Niðurstaða matsmanna er að arðskrá fyrir Víðidalsá skuli vera sem hér greinir:

Refsteinsstaðir.....	324
Laufás.....	162
Árnes.....	298
Þorkelshóll/Sólbakki	318
Nípukot	421
Lækjamót.....	99
Þórukot	32
Stóra-Ásgeirsá	168
Litla-Ásgeirsá.....	52
Dæli	152
Hvarf	278
Kolugil	42
Bakki	194
Víðidalstunga	1.138
Auðunnarstaðir	615
Galtarnes/Brautarland	447
Síða	288
Litla-Borg	674
Stóra-Borg	388
Gottorp	93
Ásbjarnarnes	213
Þingeyrar.....	1.145
Leysingjastaðir.....	99
Hagi.....	154
Hólabak.....	137
Miðhóp.....	164
Gröf.....	49
Valdarás	302
Kambshóll	243
Efri/Neðri-Fitjar	320
Stóra-Hvarf	67
Fremri-Fitjar	242
Ásland	169
Hrisar	513
Samtals	10.000

Blönduósi 7. júlí 2010

Örlygur Hnefill Jónsson formaður
sign

Ásgeir Magnússon
sign

Magnús Ólafsson
sign

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Tölur frá veiðifélaginu um veiði á einstökum veiðistöðum í Víðidalsá, Fitjaá og Gljúfurá.
2. Skrá frá veiðifélaginu um veiðistaði og hvaða jörð hver veiðistaður tilheyrir.
3. Víðidalsá og Fitjaá, veiðikort sem sýnir merkta veiðistaði í ánum, ásamt vegum og vegslóðum.
4. Tölur um veiði á einstökum bæjum við Víðidalsá og Fitjaá 1971-1982 og 1983-1991 og hlutfall veiði milli Víðidalsár og Fitjaár á sama árabili.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á uppeldisskilyrðum fyrir lax á fiskgengum hlutum Víðidalsár og Fitjaár. Jón Kristjánsson og Tumi Tómasson, 2007.
2. Athugun á laxastofnum Víðidalsár og Fitjaár 2005, Tumi Tómasson, janúar 2006.
3. Athugun á laxastofnum Víðidalsár og Fitjaár 2008, Tumi Tómasson, desember 2008.
4. Mæling á bakkalengd við Víðidalsá, Fitjaá, Hópi, Bjargaósi og Gljúfurá. Unnið af Kristjáni Eymundssyni hjá Ráðunautabjónustu Húnaþings og Stranda.
5. Skrá um jarðir og eigendur að veiðisvæði Veiðifélags Víðidalsár.
5. Loftmyndir af Víðidalsá, þar sem sýnd eru landamerki milli jarða við ána.
6. Kort og teikning, Hóp, frá Orkustofnun. Mælt af vatnamælingum með bergmálsdýptarmæli 1974.
7. Mæling á bakkalengd frá 1982. Unnið af Aðalbirni Benediktssyni héraðsráðunaut.
8. Tölvupóstur frá Tuma Tómassyni, dags. 18. maí 2010, skýringar og álit hans, einkum varðandi uppeldisskilyrði fyrir silung.
9. Rennslisskýrsla vatnsárið 2007/2008. Víðidalsá, Kolugil. Vatnamælingar/Veðurstofa Íslands V486.
10. Tölvupóstur frá Óðni Þórarinssyni, Veðurstofu Íslands, dags. 19. maí 2010.

C. Arðskrár

1. Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir Veiðifélag Víðidalsár og Fitjaár frá 1995.
2. Arðskrár Veiðifélags Víðidalsár 1935 til 1995. Einingar hvers býlis.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá eiganda Síðu, dags. 26. nóvember 2007.
2. Bréf frá einum af eigendum Stóru-Borgar, dags. 26. nóvember 2007.
3. Tölvupóstur frá eiganda Árnass, dags. 29. nóvember 2007.
4. Bréf frá eiganda Auðunnarstaða II, dags. 30. nóvember 2007.
5. Greinargerð frá eigendum að Galtanesi, Stóru-Ásgeirsá, Auðunnarstöðum II, Lækjamóti, Þorkelshóli, Þorkelshóli II, Auðunnarstöðum I, Sólbakka, Þórukoti, Dæli, Syðra-Kolugili, Nípukoti og Bakka, dags. 6.12.2007. Fylgigögn: a. Meðalþungi laxa í Víðidalsá og Fitjaá. b. Laxaverð. c. Gengi gjaldmiðla.
6. Bréf frá eiganda Refsteinsstaða, dags. 7. desember 2007.
7. Bréf frá eigendum Víðidalstungu og Víðidalstungu II, dags. 9. desember 2007.
8. Bréf frá eigendum Fremri-Fitja, Auðunnarstaða, Ytri og Syðri Valdaráss, Efri- og Neðri- Fitja og Áslands, dags. 11. desember 2007.
9. Bréf frá eigendum Þorkelshóls og Sólbakka, dags. 11. des. 2007.
10. Bréf frá eiganda Þingeyra, dags. 12. desember 2007, ásamt fylgigögnum, sem síðar eru talin.
11. Bréf frá eiganda Refsteinsstaða I, Laufáss og Árnass, dags. 13. desember 2007.
12. Bréf frá eiganda Galtaness, dags. 13. desember 2007.
13. Bréf frá eigendum Miðhóps og Hólabaks, dags. 15. desember 2007.
14. Greinargerð eigenda Hrisa, dags. 13. desember 2007.
15. Greinargerð frá eigendum Gottorps, dags. 19. desember 2007.
16. Greinargerð landeigenda við Hóp, dags. 22. desember 2007.
17. Bréf frá matsnefnd til ýmissa veiðiréttareigenda, dags. 10. ágúst 2008. Fylgirit með ljósriti af kröfum.
18. Bréf eiganda Galtaness, dags. 12. ágúst 2008, vegna bréfs eiganda Síðu dags. 26. nóvember 2007.

19. Bréf eiganda Árnass, dags. 2. september 2008, vegna kröfu eigenda Þorkelshóls/Sólbakka um Dalsárós.
20. Bréf eigenda Þórukots, dags. 2. september 2008, vegna kröfu eiganda Galtaness um Þórukotsbakka.
21. Bréf eigenda Sólbakka/Þorkelshóls, dags. 3. september 2008, vegna athugasemda eiganda Árnass.
22. Tölvupóstur frá eiganda Stóru-Ásgeirsár, dags. 4. september 2008, vegna kröfu eiganda Galtaness.
23. Bréf eiganda Síðu, dags. 9. september 2008, vegna kröfu eiganda Galtaness.
24. Bréf eiganda Nípukots, dags. 15. september 2008, vegna kröfu eiganda Galtaness.
25. Bréf eigenda Sólbakka/Þorkelshóls, dags. 3. október 2008, vegna Dalsáróss.
26. Bréf eiganda Síðu, dags. 10. október 2008, um nýjan veiðistað ofan við Faxa.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar og fleira

1. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 5. mars 2007. Beiðni um mat á gildandi arðskrá.
2. Bréf átta félagsmanna til stjórnar félagsins, dags. 21. október 2006. Krafa um endurskoðun á arðskrá.
3. Bréf matsmanna til stjórnar Veiðifélags Víðidalssár, dags. 10. maí 2007. Beiðni um gögn.
4. Bréf formanns félagsins, Björns Magnússonar, dags. 4. september 2007. Fylgibréf með gögnum.
5. Bréf formanns félagsins, Björns Magnússonar, dags. 19. nóvember 2007. Fylgibréf með gögnum.
6. Bréf formanns félagsins, Björns Magnússonar, dags. 31. desember 2007. Fylgibréf með gögnum.
7. Fundargerð Veiðifélags Víðidalssár með matsmönnum, dags. 17. október 2007.
8. Bréf matsmanna til félagsmanna, dags. 25. október 2007. Beiðni um gögn.
9. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 4. ágúst 2009. Fylgibréf með gögnum.
10. Bréf formanns veiðifélagsins til félagsmanna, dags. 19. nóvember 2007, um hvaða gögn hefðu verið send matsmönnum. Einnig fylgdi afrit af gögnunum til félagsmanna.
11. Samþykkt fyrir Veiðifélag Víðidalssár nr. 1352/2007.
12. Samþykkt fyrir Veiðifélag Gljúfurá nr. 1073/2007.
13. Leigusamningur fyrir vatnasvæði Víðidalssár og Fitjaár, dags. 3. maí 2005.
14. Leigusamningur fyrir Gljúfurá, dags. 3. nóvember 2005.
15. Leigusamningur fyrir Gljúfurá, dags. 19. ágúst 2008.
16. Tilboð sem bárust í vatnasvæðið við síðasta útboð.
17. Ársskýrsla Veiðifélags Víðidalssár fyrir árið 2006.
18. Ársreikningar Veiðifélags Víðidalssár fyrir árin 2006 til 2008.
19. Yfirlýsing, dags. 13. mars 2007, um skiptingu á eignarhlut í Veiðihúsinu Gljúfurholtinu við Gljúfurá.
20. Tölvupóstur frá Ragnari Gunnlaugssyni, fyrrv. formanni og veiðiverði, m.a. um veiðar í Hópinu.
21. Tölvupóstur frá Ragnari Gunnlaugssyni um tekjur af sölu veiðileyfa á silungasvæði og fleiri upplýsingar fyrir matsnefnd.
23. Leigusamningur milli Selfossbænda og Stangveiðifélags Reykjavíkur um netaupptöku í Ölfusá, dags. 12. október 2006.
24. Leigusamningar milli Veiðifélags Hvítár í Borgarfirði og annarra veiðifélaga í Borgarfirði, um upptöku neta í Hvítá, á árunum 1992 til og með 2006.
25. Áhrif netaupptöku á stangveiði í Hvítá í Borgarfirði og þverám hennar, VMST-V/01010, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson.
26. Landamerkjabréf Víðidalstungu frá 1890.
27. Máldagi Péturs biskups frá 1394 um hlutdeild Víðidalstungu í veiði.
28. Landamerkjaskrá jarðarinnar Fremri-Fitja nr. 208/1890.
29. Samkomulag gert við Grásteinstjörn, 3. apríl 1992, óundirritað.